# Gjörðabók fátækranefndar. 1876-1895

Aðfnr. 42, 3. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

sem sýslumadurinn beiddist þess, ad fátækra-
nefnd Reykjavíkur endurgyldi Engihlíðar-
hrepp í Húnavatnssýslu 34 kr. 62 aur., og var
það talið sjálfsagt, ad endurgjalda fje þetta.
15. Jónas Jónsson á Mýri ~~[illegible]~~ bidur í brjefi
1. þ.m. um medgjöf med barni Gudmundar
(Gudmundi [illegible] á 14 ári) Halldórssonar, 23 kr. fyrir umlidinn tíma,
og svo medgjöf med barninu framvegis.
Nefndin ákvad ad greida med barni þessu
vanalega medgjöf framvegis, unz nefndin
geti komid því fyrir á hentugri stad, en
fyrir hinn umlidna tíma geti hún ekkert
greitt.
16. Einari Sveinssyni voru veittar 10 kr. styrkur
gegn endurgjaldi af hans hrepp.
17. Því næst skoradi nefndin alvarlega á formanninn, ad
gjöra gangskör ad því, ad Grímsneshreppur
verdi látinn greida fátækrasjódi Rvíkur 136 kr., sem
Kreitbjörgu Gudlaugsdóttur voru lagdar
á árunum 1877-1878.

Fundi slitid.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Fridriksson. G. Þórdarson
P. O. Gíslason
Þórdur Torfason
Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1883, fimmtudaginn 12. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Einar Guðmundsson frá Hólmakoti í Mýrasýslu biður í brjefi dags. 2. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá farelögum í vor, og var leyfið veitt. ×

2. Jón Bjarnason úr Mýrasýslu biður í brjefi dags. 14. f.m. um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu, og var leyfið veitt. ×

3. Magnús Oddsson frá Ósi í Skilmanna-hreppi biður í brjefi 2. þ.m. um tómt-húsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt. ×

4. Jóhannes Teitsson biður í brjefi dags. 5. þ. um tómthúsmennskuleyfi handa Rögnvaldi Teitssyni á Þjórs-árholti og var það leyfi veitt. ×

5. Guðmundur Þórðarson frá Seljatungu í Gaulverjabæjarhrepp biður í brjefi 28. f.m. um tómthúsmennskuleyfi; en sökum skorts á skýrslum var málinu frestað.

6. Hans Hjaltalín á Þursstöðum í Borgar-hrepp biður í brjefi 24. f.m. um tómt-húsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu vordögum, og var leyfið veitt. ×

7. Formaður tilkynnir brjef amtmannsins dags. í dag, að Guðmundur Árnason geti eigi fengið tómthúsmennskuleyfi það, sem hann hefur beðist. Sbr. fund 28. dag desembern. 1882. ×

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Formaður tilkynnti, að Vigfús Ólafsson hefði fengið enn 10 Kr. gegn endurgjaldi af Mosfellssveit.

Fundi slitið

Ell. Jónasson. H.Kr. Friðriksson. Ó. Ólafsson

Ár 1883, fimmtudaginn 10. dag maímánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að hann hafi fengið brjef dags. 23. dag f. m. frá amtmanni, þar sem amtmaðurinn úrskurðar, að Kristbjörg Guðlaugsdóttir eigi hrepp í Grímsnesi í Árnessýslu, og sá hreppur eigi því að endurgjalda þann styrk, sem Kristbjörg hafi fengið úr fátækrasjóði Reykjavíkur.
2. Í brjefi 3. þ. m. biður Pjetur Pjetursson Ottesen á Ytra-Hólmi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu. Leyfið var veitt.
3. Í brjefi 5. þ. m. biður Guðrún Bergþórsdóttir á Brennistöðum í Borgarhreppi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá fardögum næstu; og var leyfið veitt.
4. Í brjefi 18. febr. biður Sveinn Árnason frá Fjalli á Skeiðum um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu fardögum. Var leyfið veitt.
5. Sigurður Sigurðsson frá Hítarnesi biður í brjefi 18. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næsta hausti. Var leyfið veitt þegar frá fardögum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Í brjefi 10. þ.m. biður Jón Magnússon frá Lambhaga á Álptanesi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu, og var leyfið veitt.

7. Í brjefi í dag biður Gísli Þorvarðarson frá Saurbæ í Ölfusi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

8. Í brjefi 14. f. m. biður Jón Þórarinsson á Dalsmynni í Eyjahrepp um tómthúsmennskuleyfi. Leyfið var veitt.

9. Í ~~brjefi~~ brjefi dags. 3. þ. m. biður Guðrún Magnúsdóttir á Þórustöðum á Vatnsleysuströnd um leyfi, að setjast að hjer sem húskona. Var leyfið veitt.

10. Bjarni Guðmundsson, bóndi á Efsta-Dal í Árnessýslu, biður í brjefi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

11. Í brjefi 23. f.m. biður Bjarni Oddsson um hækkun á meðgjöf með Jóni Jónssyni um 30 kr. Nefndin veitti honum 10 kr. viðbót um árið, svo að meðgjöfin yrði alls 90 kr.

12. Formaður bar upp, að frú ~~Steffi~~ Jóh. Þorleifsdóttir hefði heimtað 30 kr. um mánuðinn með Ingibjörgu Guðmundsdóttur, og hann hefði gengið að því til haustsins, og var það samþykkt.

13. Í brjefi dags. í dag beiðist Jarðþrúður Pétursdóttir um hækkun á meðgjöf með móður hennar Jarðþrúðu Jónsdóttur upp í 144 kr. um ~~mánuðinn~~ árið og var það samþykkt.

14. Guðmundur Þórðarson bar það upp, að fátækranefndin tæki að sjer Kristján Hagensen til umsjónar, og tókst nefndin ~~það~~ hann að sjer. Kristján hafði útvegað sjer samastað hjá Sigurði Þórðarsyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Guðrún Þorgrímsdóttir var veittar 15 krónur.

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson. Ell. Jónasson P. O. Gíslason

Ólafur Ólafsson Sigurður Þórðarson

Ár 1883, fimmtudaginn 14. dag júnímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Björn Runólfsson biður í brjefi 22. f.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En með því að nefndin ekkert þekkti þennan mann, og engar skýrslur lágu fyrir um hann, og nefndin auk þess þóttist eigi geta ~~leyft~~ veitt þetta leyfi að eins um eitt ár, gat nefndin eigi veitt þetta leyfi að svo búnu.
2. Oddur Jónsson á Pálshúsum biður í brjefi 30. f.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.
3. Ketill Bjarnason biður í brjefi 7. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.
4. Pjetur Jónsson frá Hrísakoti í Kjós biður í brjefi 2. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.
5. Einar Gunnsteinsson frá Möðruvöllum í Kjós biður í brjefi 22. f.m. ~~um~~ tómthúsmennskuleyfi. Leyfið var veitt.
6. Sölmundur Símonarson í Hrólfsskála biður í brjefi 6. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Með því að maður þessi er blásfátækur og auk þess dæmdur fyrir þjófnað, var leyfisins synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Sigurður Bjarnarson biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í ~~leyfi~~ bænum. En með því hann hefur verið hinn mesti óreglumaður getur leyfið eigi veitst, með því líka hann er bláfátækur.

8. Í brjefi 11. þ.m. biður Magnús Árnason, smikkari um bæjarleyfi handa Daníeli Ólafssyni söðlasmið á Viðvík í Skagafjarðarsýslu, og var leyfið veitt.

9. Guðmundur Guðmundsson frá Viðey biður í brjefi 9. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

10. Vilhjálmur Halldórsson biður í brjefi 26. f.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

11. Björn Sveinsson á Litlahólmi í Leiru biður í brjefi 14. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Markús Þórðarson hafði skrifað brjefið fyrir hans hönd. Leyfið var veitt.

12. Kristján Finnsson ~~frá~~ Garðhorni í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu biður í brjefi dags. í dag um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

13. Ákveðið, að ráðstafa Maríu Jónsdóttur úr Kjós til átthaga sinna, og sömuleiðis Vigfúsi Ólafssyni á Miðhúsum til átthaga sinna ~~til~~ eða Mosfellssveitar.

14. Ásmundi Gissurarsyni var ráðstafað til Jónatan Jónssyni næturverði.

15. Þórður Eyjólfsson, sem ~~biður um~~ beðið hafði um tómthúsmannsleyfi hjer í bæ, hafði ritað amtmanninum að veita sjer leyfi til tómthúsmannsleyfi, og hafði amtmaður sent fátækranefndinni málið til álita; var ákveðið, að kalla þennan mann fyrir og leita upplýsinga um hann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Formaður bar fram, að farið veri fram á, að nokkur styrkur veittist með stúlkunni Sigurlaugu Hansdóttur, sem nú væri í Ölfusi, en mundi að líkindum vera fædd hjer í bænum. Ákveðið að leita upplýsinga um þetta efni.

17. Ákveðið að veita Elínu Sigurðardóttur 4 kr. styrk um mánuðinn frá 14. maí; en áður hefur með henni verið lagt 144 kr.

18. Formanni var falið á hendur, að reyna að laga það ólag sem á komið var með Halldóri Sigurðssyni og konu hans.

19. Gróu Jónsdóttur vóru veittar 3 kr. um mánuðinn frá 1. degi júnímán.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

P. O. Gíslason. O. Olafsson

Ár 1883 h. 26 júlí átti fátækranefndin fund með sér:

1.) Lagt fram bréf frá Jóni Erlendssyni þarsem hann sækir um tómthúsmannsleyfi hér og neitaði nefndin honum um það með því henni var kunnugt um hann, að Jón er fákunnandi óreiga.

2.) Lagt fram brjef frá Kristófer Bárðarsyni úr Kolbeinsstaðahrepp, dags. 25. þ. m., um tómthúsmannsleyfi hjer í bæjarins umdæmi. Hann átti konu og 1 barn. Leyfið var veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Formaður tilkynnti nefndinni, að amtmaður hefði neitað Þórði Egilssyni um tómthúsmennsku-leyfi. Sbr. fund 12/10-82.

4. Ennfremur gat formaður þess, að amtmaður hefði heimtað yfirlýsingu fátækranefndarinnar um kæru Sigurðar Bjarnasonar um neitun nefndarinnar til húsmennskuleyfis hjer í bænum. Sbr. fund 14. júní þ. á. En nefndin gat eigi dregið neitt úr neitun sinni.

5. Í brjefi dags. 10. þ. m. biður ekkjan Ingibjörg Grímsdóttir frá Vatnsleysuströnd um bæjarvist hjer í bænum, og var leyfið veitt.

6. Ákveðið að flytja Auðun Jónsson, er hefði þegið sveitarlán hjer í bænum, á sinn hrepp, Akraneshrepp.

7. Þá bar formaður upp, að Jón Einarsson hefði tekið Herdísi Guðjónsdóttur, sem er hálfvitakerling, en meðgjöfin væri enn óákveðin.

8. Pjetur Gíslason sagði Sigríði Þorkelsdóttur til sveitar; en frekari ráðstöfun var eigi gjörð að þessu sinni.

9. Diðriku Hölter voru ávísaðar 5 krónur.

10. Vilborgu Ólafsdóttur á Ofanleyti voru og ávísaðar 5 kr.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. P. O. Gíslason

Ó. Ólafsson Þórður Torfason

Á 1883 hinn 13. septemb. var fátækrafundur haldinn og var þar þá tekið fyrir:

1. bréf bæjarfógetans til amtsins dags. 10. sept. þ. á. viðvíkjandi Sölmundi Símonarsyni.

2. bréf bæjarfógetans til amtsins bréf dags. s. d. viðvíkjandi Sigurði Björnssyni, þar sem honum er neitað hér um aðsetursleyfi.

3. Bréf frá Vigfúsi Magnúsi frá Þúfu í Kjós

sækir í bréfi dags. 26. ágúst þ. á. þar sem hann beidist leyfis til þess að mega setjast sem þurrabúðarmaður hér, en vegna þess að nefndin ekki þekkti neitt til þessa manns var því neitað.

4. Formaður tilkynnti að Guðmundur Jónsson í Garðbæ hefði tilkynnt að hann ekki gæti lengur haldið ómagann Sólveigu Einarsd. var Pétri Gíslasyni falið á hendur að ráðstafa henni til hins 1. þ. m.

5. Formaður lagði fram bréf frá Sveini Ingimundssyni dags. 13. þ. m. þarsem hann biður um að meðgjöf verði hækkuð með Ingibjörgu Eiríksdóttur uppí 12 krónur. Nefndin vill hækka meðgjöfina uppí þetta frá næstkomandi nýári.

6. Formaður lagði fram bréf dags. 20. aug frá Árna Þórðarsyni í Flóð- á Gafli þar sem hann beidist leyfis til þess að setjast hér að sem tomthúsmaður frá næstkomandi ári. Var leyfið veitt.

7. Birni Runólfssyni frá Vestmanneyjum veitt leyfi til húsmennsku hér frá þessum tíma. Bréf hans er dags. 12. sept. f. á.

8. Andrési Davíðssyni úr Vatnsdal í Húnavatnssýslu sækir um húsmennskuleyfi hér í bréfi dags. 12. þ. m. Var leyfið veitt.

9. að fyrirtaka að úthluta væntanlegum styrk úr Thorkillii barnaskólasjóði og var stungið uppá að veita þennan styrk þessum börnum:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. 1. Jóna Rannveig Einarsd. 13 ára

Uppeldisstyrkur . . . . . 40,00

kennslukaup . . . . . 20.00

2. Guðbjartur Þorláksson 11 ára

Uppeldisstyrkur 40.00

kennslukaup 20.00

3. × Magnús Hjaltested 11 ára . . . 20.00

4. Henrik Bjering Þorláksson 10 ára . 20.00

5. Margrét Antonsdóttir 11 ára . . . 20.00

6. Hólmfríður Hermannsdóttir Brekku 12 ára 20.00

7. Guðrún Sigurðardóttir Hábæ 11 ára 20.00

8. Sigríður Torfadóttir 12 ára . . . 20.00

9. Margrét Einarsd. Arnarholti 11 ára 20.00

10. Jacob Jónsson 12 ára . . . 20.00

11. × Sigríður Jónsd. f. 13 Marts 73 Duksk. 10 ára 20.00

12 Árni Hannesson 11 ára . . . 20.00

13. Eybjörn Eyolfsson 10 ára . . . 20.00

14. Sigurður Julius Jörgensen 11 ára . 20.00

15. × Jacobína Einarsd. 13 ára . . . 20.00

16. × Páll Melsted Jóns(dóttir) son Hólshús 12 ára 20.00

17. Salvör Egilsdóttir Arabæ 10 ára . . 20.00

18. × Carl Óli Nikulásson f. 18/12 71 11 ára 20.00

19. Ásmundur Ólafsson Brekkuholti 11 ára 20.00

20. Þorgrímur Björn Stefánsson 10 ára 20.00

21. Guðný Sigurðardóttir í Móakoti 12 ára — 20.00

22. Haraldur Guðnason í Hallholti 8 ára 20.00

23. Magnús Pjetursson í Hólakoti do 20.00

24. × Ingimundur Jónsson Lindarbæ 13. 20.00

25 × Elinborg Jónsdóttir Jacobsen 11. 20.00

26. Magnús Guðmundss Bergstöð 8. 20.00

27. × Ingibjörg Lára Sigríður Thorgrímsen 7. 20.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur eigi gert.

Fund. slitið

Eld. Jónasson Guðm. Þórðarson

P. O. Gíslason. Hallgr. Sveinsson. Ólafur Ólafsson

Þórður Torfason

Á 1883 hinn 27. sept. átti fátækranefndin fund með sér og var þar á fyrri tekið:

1.) Beiðni frá Geir Þorgeirssyni dags. í dag þar sem hann beiðist tómthúsmannsleyfis; var því frestað af að veita þetta leyfi með því umbeiðandinn var öllum ókunnugur í nefndinni.

2.) Ingimundi Þórðarsyni frá Lambhaga í Skilmannahreppi eptir beiðni hans í bréfi dags. 4. þ. m. veitt bæjarleyfi hér.

3.) Birni Kaprasíussyni frá Vilborgarkoti veitt hið sama frá næstkomandi fardögum eptir beiðni 18/9

4. Þórði Jónssyni frá Hveri í Norðurárdal í Húnavatnssýslu eptir beiðni hans í bréfi dags. 27. þ. m. leyft hér bæjarleyfi nú strax.

5. Einari Einarssyni frá Skemmstöðum svarað uppá bréf hans dags. 24. þ. m. viðvíkjandi meðgjöf með barni Jóns Guðmundssonar snikkara í Ameríku, að þetta mál sé fátækranefndinni óviðkomandi.

6. Helga Þorláksdóttir á Hlíð leitar um styrk til fátæknanefndarinnar að minnsta kosti 200 kr til

300 kr til bæjarbygginga; en nefndin þótti eptir kringumstæðunum eigi ástæða til þess að veita þessa beiðni. Bréf hennar var dags. 25. þ. m.

7. Magnúsi Magnússyni á Þorgrímsholti eptir beiðni × hans veittur 20 króna styrkur úr fátækrasjóði.

8. Tómas skýrði frá að Sigurlaug úr Hausdótti, er beiðst hefir verið styrks með úr Ölfushreppi (sjá fund 14. júní þ. á.) sé fædd hér í bænum 19 Mai 1867 og eptir því sveitlæg hér og kom nefndinni saman um að svara þókum með henni í vetur, ef þess yrði á ný krafist.

9. Jón Erlendsson í Reykjavík (í Helgastöðum) sækir um í bréfi dags. 27. Mai þ. á. að fá hér leyfi til tómthúsmennsku. Nefndinni þótti ástæða × þessi maður svo áhlitlegar og efnahagur svo lélegur að hann hér tæpast komi eigi til þess að framfæra hér sig og sína í tómthúsmennsku, og var hið umbeðna leyfi því ekki veitt.

10. Var tekið fyrir að semja áætl. yfir tekjur og gjöld fátækrasjóðsins árið 1884

Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vextir af skuldabrjefum fátækrasjóðs | 36.00 |
| 2. | tekjur af fasteignunum . . . . . . . | 40.00 |
| 3. | tíund til fátækra . . . . . . . . . | 200.00 |
| 4. | tekjur af arðberandi höfuðstól . . | " – " |
| 5. | sektir til fátækrasjóðs . . . . . . . . | 50. – " |
| 6. | hundaskattur . . . . . . . . . . . | 20. – " |
| 7. | Óvissar tekjur þar á lán að koma að endurborgast . . . . . | 500. – " |
| | | 846.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Gjöld

1. Til aðstoðar þurfamönnum . . . . . 4,800,00
2 – þurfamanna . . . . . . . . . 1000,00
3 – vitstola . . . . . . . . 940,00
4 – greftrunar sveitarómaga . . . . . 150,00
5 – lögflutnings þurfamanna . . . 50.00
6 – fátækralyfja . . . . . . . 120.00
7. önnur útgjöld . . . . . . . . . 800.00

Kr. 7860,00

verður þá mismunur á tekjum og gjöldum 7014 sem þarf að jafna á gjaldendur bæjarins.

11. ávísaði fátækranefndin nokkrum reikningum fyrir sjúklinga í sjúkrahúsinu.

Fleira eigi fyrirtekið; fundi sagt slitið.

E. Th. Jónassen

G. Þórðarson  Þ. O. Gíslason

Ólafur Ólafsson  Þórður Torfason

Ár 1883, fimmtudaginn 11. dag októbermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 1. d. þ.m. biður Jónas Jónsson frá Söðulsholti í Eyjahrepp í Hnappadalssýslu um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

2. Í brjefi 8. þ.m. biður ekkja Guðrún Magnúsdóttir frá Sogni í Kjós um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Í brjefi 9. þ.m. biður Kristín Magnús-
dóttir, um húsmennskuleyfi hjer í bænum,
en sökum þess, að alls engar skýringar
um hagi hennar fylgdu með, var neitað
um hið beðna leyfi.

4. Lagt fram vottorð frá sjera Þorkeli Bjarna-
syni og Ólafi Jónssyni um Magnús
Eyjúlfsson, er áður hafði sótt um lausa-
húsmennskuleyfi hjer í bænum (sjá
fund. 13. sept. þ. á.), og var honum nú veitt
hið umbeðna leyfi.

5. Í brjefi 28. f.m. biður Júlíana Ólöf Arn-
grímsdóttir um ~~lausa~~mennskuleyfi, en
henni var vísað til fógetans um það
efni fyrst um sinn.

6. Í brjefi 8. þ.m. biður Halldór Sigurðsson um
styrk til að bæta bæ sinn, og var afráðið, að
láta dytta að honum nú í haust, svo sem
við yrði komið.

7. Magnús Magnússon á Þorgrímsholti biður
í brjefi 10. þ.m. um styrk til meðgjafar
með barni Valgerðar Guðmundsdóttur 2 kr.
um viku frá í vor til þess tíma.
En fátækranefndin gat eigi veitt þetta fje, en
aptur á móti var honum veitt meðgjöf
með barninu frá 1. þ.m., 80 kr. um árið.

8. Katrín Árnadóttir í Hólakoti biður í brjefi 1. þ.m.
um ófunpípu gegnum þakið, eða gjöra við
það, sem er, og var það veitt.

9. Formaður gat þess, að hreppsnefnd Hvolhrepps
í Rangárvallasýslu hefði beðið um, að fá-
tækranefndin hjer hjálpaði ekkju Magnúsar
Bergsteinssonar í vetur eptir því sem
gegn endurgjaldi frá Hvolhreppi, með
því eigi hafði orðið flutt austur í haust.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Formaður gat þess, að nauðsyn bæri til, að koma fyrir á góðum stað konu og barni Friðriks Pálssonar, með því að henni væri eigi óhætt í bænum. Var afráðið að selja bæinn, og verja andvirðinu til meðgjafar barninu.

11. Þá var þess getið, að María Margrjet Bjarnadóttir hefði í miðjum júlímánuði þ. á. farið til Sakaríasar Árnasonar á Bergi.

12. Þá var ákveðið, að láta Svein á Seli fá 12 kr. á mánuði með Ingibjörgu Eiríksdóttur (næpu) frá 1. degi októbermán. þ. á.

13. Jóni Jónssyni garðyrkingi voru veittar 2 kr. um mánuðinn í viðbót við það, sem hann áður hafði, þannig að hann fengi alls 12 kr. frá 1. október þ. m.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen. ~~M~~ Fridriksson. P. O. Gíslason
Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

Á 1883 d. 25. october var fundur haldinn af fátækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1.) Þoroddi Bjarnasyni (á Bakka) leyft tómthúsmennskuleyfi eptir beiðni dags. 23. þ. m. frá næstk. krossm.

2.) Sigurði Pálssyni frá Ökrum samkv. beiðni í bréfi dags. 1. Oktober þ. á. veitt hér tómthúsmennskuleyfi.

3.) Jóni Jónssyni á Pálsbæ á Seltjarnarnesi leyfð hér tómthúsmennska frá næstk. vori samkv. bréfi dags. 22. Okt. þ. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Kristjáni Guðnasyni frá Dalbæ í Flóa sem biðir hann í bréfi dags. 21. þ.m. veitt tómthúsmennskuleyfi frá næstkomandi vori.

5 Eyólfi Sveinssyni frá Grímsnesi sem beiddi hann í bréfi dags. 14. oktober þ. á. veitt hér tómthúsmennskuleyfi frá næstkomandi vori.

6. Guðbjörgu Jónsdóttur frá Efstadal veitist leyfi til tómthúsmennsku hér frá 1. nóvemb. þ. á. eptir beiðni hennar í bréfi dags. 15. þ. m.

7. Sigríður Gíslaugsdóttir í Grjóta veitist 7 kr. styrkur úr fátækrasjóði eptir beiðni hennar í bréfi dags. 9. Okt. þ. á.

8. Lagður fram reikningur frá Jóni Erlindssyni á Grímsstöðum dags. 24. sept. þ. á. fyrir legu-kostnaði Jóns Jónssonar („slátrara") að upphæð 45 kr. 54a sem fátækranefndin samþykkti og ávísaði:

Frekar eigi fyrir tekið.

Fundi sagt slitið

P. O. Gíslason Ell. Jónasson

G. Þórðarson

Ár 1883 h. 7. nóvemb. ~~kl~~ var fátækrafundur haldinn og þá tekið fyrir:

1.) Einari Guðmundssyni frá Nýjabæ í Meðallandi í Skaptafells sýslu (Meðal-landi) biður í bréfi dags. 28. f. m. um bæjarleyfi og var það veitt frá þessum tíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2º Bréf lagt fram dags. 7. þ. m. frá Hinrik Árnasyni um styrk úr fátækrasjóði. Ákvað nefndin að veita Hinrik Árnasyni styrk að upphæð 5 kr um mánuðinn.

3. Guðmundur Þórðarson í Landakoti biður um 2 k. í húsaleigu fyrir konu Friðriks Pálssonar og var það samþykkt.

4 bréf frá Guðrúnu Sigurðardóttur í Nikulásarkoti þar sem hún biðist styrks handa sér í vetur, dags. 5. þ. m. var frestað að gera út um þetta uns skoðað væri.

5. tilkynnt bréf frá Grímsneshreppi dags. 25. f. m. áhrærandi borgun á sveitarskuld Einars Sveinssonar.

6. Lagt fram bréf frá Einari Einarssyni á Litlusteinstöðum dags. 6. nóvemb. þ. á. um meðgjöf með barni Jóns Guðmundssonar trésmiðs sem fór héðan í sumar til Ameríku. Var það samþykkt að borga með þessu barni til Einars 80 kr. meðgjöf árlega frá 1. þ. m. að reikna.

Fyrir hönd Guðmundar Jónssonar í Hala bar fátækrafulltrúi Pétur O. Gíslason upp beiðni frá ~~Guð~~ honum um hjálp og var það samþykkt að hjálpa Guðmundi í vetur eptir þörfum.

Fundi slitið

Ell Jónasson

G. Þórðarson P. O. Gíslason

Ólafur Ólafsson Þórður Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1883 hinn 22. nóvember var haldinn fundr í fátækranefndinni og var á þar tekið fyrir:

1., Þorst. Þorsteinssyni í Gíslahúsi veitt bæjarleyfi frá næstkom. vori.

2., Bréf frá 21. nóvemb. frá Þóraini Þórarinssyni, þarsem hann biður um bæjarleyfi. Var það veitt.

3., Lagt fram aftur bréf 27. Okt. þ. á. frá Kristínu Magnúsdóttur á Bjarnastöðum, þarsem hún ítrekar beiðni sína í bréfi 9. f. m. (Sjá fund 11. f. m.) um að fá hér atvinnuleyfi, en með því að eptir þessu síðasta bréfi hennar er auðséð að efni hennar eru engin og helzt útlit á fyrir að hún sé sveitarþurfi, gat nefndin ekki veitt henni hið umbeðna leyfi.

4., Bréf frá Stepháni nokkrum Þorkelssyni á Nesi við Seltjörn dags. 20. nóvemb. þarsem hann sækir um bæjarleyfi hér, en með því að nefndin ekkert þekkti þennan mann, var leyfið ekki veitt.

5., Var veittur styrkur konu Einars Hinrikssonar 10 kr. styrkur gegn endurgjaldi frá hans framfærsluhreppi Grímsneshreppi.

6., Fleira kom ekki til umræðu.

Fundi slitið

E Th Jónassen

G Zoëga? / Gísli Björnsson? / P. O. Gíslason

Á 1883 hinn 13. december átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Bréf frá Helga Guðmundssyni í Móakoti í Garðahverfi dags. 28. nóv. þ.á. um aðsetursleyfi, var það veitt frá næstkom. vori.

2. Bréf frá Þorst. Jónssyni í Nýjabæ á Seltjarnarnesi um hið sama dags. 3. Nóvember þ.á.; var því frestað til næsta fundar að leita upplýsinga um manninn.

3. Bréf frá Jóni Jónssyni í Nesi dags. 8. desember þ.á. um hið sama; var það leyft frá næsta vori.

4. Bréf frá Guðjóni Bjarnasyni í Nesi dags. s.d. um hið sama; var það veitt frá næsta vori.

5. Lagt fram bréf frá Amtinu dags. 23. nóvemb. þ.á. með hverju sent er kæruskjal Jóns Eiríkssonar á Helgastöðum yfir því að fátækrastjórnin hafi synjað honum um aðsetur hér til álita. Nefndinni sýndist að ekki eigi að veita honum leyfi fremur nú en áður, þareð þessi maður sé mjög lítilfjörlegur til vinnu og lítilfjörlegur og í skiptum auk þess bláfátækur.

6. Bréf frá sýslumanninum í Snæfellsnes og Hnappadals sýslu dags. 9. nóvemb. þ.á. viðvíkjandi skuld Ragnheiðar Gísladóttur til fátækrasjóðs hér. Var afráðið að gefa Kolbeinsstaðahreppi frest með
7 borgun skuldarinnar í 2 ár, þannig að fyrri helmingur hennar greiðist fyrir 1. júlí 1884 og hinn helmingurinn fyrir 1. júlí 1885.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Lagt fram bréf frá hreppstjóranum í Gríms-nes-hreppi áhrærandi skuld Kristbjargar Gudlaugsdóttur til fátækrasjóðs að upph. 136 kr. Ávísun send fyrir skuldinni.

8. tilkynnt bréf sem Jacobs Benedictssonar við-víkjandi borgun á legukostnaði Jóns Péturs-sonar dags. 6. nóv. þ. á.

9. tilkynnt bréf frá Jóni Jónssyni frá Dúkskoti 10. þ. m. þarsem hann biður um styrk; var honum veittur nú fyrst um sinn 10 kr. styrkur.

10. Var lagt fram bréf dags. 7. þ. m. frá trésmið Jóni Jónssyni í Miðbæ, þarsem hann biður um hjálp; ~~var~~ verður honum veitt hjálp eptir þörfum.

11. Lagt fram bréf dags. 6/12 83 frá Guðrúnu Jónsdóttur ekkju á Bergi um uppgjöf á skuld hennar til fátækrasjóðs. Því máli frestað til næsta fundar.

12. Bréf frá Einari Arasyni dags. 21. nóv. 83 um inn-gjöf [illegible] með Magnúsi Arasyni bróður hans. Var því máli frestað þangað til ómaga-listinn yrði saminn fyrir næsta ár.

13. Bréf frá Ólafi Þorkelssyni dags. 11. þ. m. um hjálp til húsabygginga á næstkomandi vori. Fátækranefndin ályktaði að svara Ólafi því að hún nú fyrst um sinn eigi gæti heitið honum hjálp til húsabygg-ingar, en lofaði honum að veita honum styrk til húsaleigu nú og hingað til framvegis.

14. Níels Eyjólfssyni á Klöpp lagðar 30 krónur fyrir 1883 með Halldóru Guðmundsdóttur barni Guðm. Halldórss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Bæjarfógetinn bar fram beiðni frá Jens Þórðarsyni og Guðm. Hermannsson um að fátækrasjóður vildi borga meðlag með barni Jens fyrir yfirstandandi ár til Hermanns í fátækranefndin vill eigi borga meðlag fyrir þann tíma, er liðinn er, en þarámóti vill hún láta Jens meðgjöf með barninu til Hermanns frá næstkomandi nýári til vors, vanal. meðgjöf.

Fleira eigi fyrir tekið.

Fundi slitið

H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson E. Th. Jónassen Þ. O. Gíslason
Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

Ár 1884, fimmtudaginn 10. dag januarmán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 8. þ.m. biður Guðmundur Árnason á Tjarnarkoti um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. En nefndin neitaði beiðni sökum þess að hann væri óreglumaður mikill, og bláfátækur, og hefði jafnvel fengið styrk af sveit sinni, Seltjarnarneshreppi.

2. Í brjefi 21. f.m. biður Einar [illegible], á Mölshúsum á Álptanesi um tómthúsmennskuleyfi um 1884. Nefndin gat eigi veitt leyfi að eins um eitt ár.

3. Í brjefi 28. f.m. biður Guðmundur Bjarnason á Meiðastaðakoti í Garði um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En með því að engin skýrsla fylgdi um hagi þessa manns, gat nefndin eigi veitt leyfið að sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Í brjefi 4. þ. m. biður Eyþór Árnason á Ánanaustum um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en með því að ekkert var skýrt frá hag þessa manns í brjefinu, gat nefndin heldur eigi veitt honum bæjarleyfi að sinni.

5. Í brjefi 21. f. m. biður Jón Oddsson á Arnarnesi í Garðahreppi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt með því skilyrði, að hann hefði eigi þegið neinstaðar af sveit.

6. Benjamín Sæmundur Magnússon biður í brjefi 27. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

7. Þórður Guðmundsson í Fellskoti í Árnessýslu biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum í brjefi 2. þ. m., og var leyfið veitt.

8. Óli norski biður um leyfi til að dvelja hjer í bænum í brjefi 19. f. m., og jafnframt til að stofna "Bolag" hjer í bænum. Dvalarleyfið var veitt.

9. Þá var rætt um drenginn Jóhann Jóhannesson í Dúkskoti, sbr. brjef dómkirkjuprestsins 7. des. f. á. Var ákveðið, að koma drengnum fyrir nú þegar gegn endurgjaldi af Stafholtstungnahrepp.

10. Þá var rætt um bágindi Brynjólfs Brynjólfssonar frá Klausturhólum [illegible], og ákveðið, að koma 2 börnum hans fyrir, og hjálpa honum sjálfum gegn endurgjaldi frá Grímsneshrepp.

11. Þá var ætlað meðlag með ómögum bæjarins og þurfamönnum:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# I. Fastir ómagar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Einar Magnússon | ára | hjá Jóhönnu Einarsd. | 80. |
| 2. | Haraldur Jónsson | 11. | — Jóni í Bakkabæ | 80. |
| 3. | Guðrún Jónsdóttir | 8 | — Tómasi Tómassyni á Lambhúsum Kjal. n. | 80 |
| 4. | Guðmundur Geirsson | 9 | — Einari Arasyni | 80. |
| 5. | Jón Jónsson | 83 | — Bjarna í Garðhús | 90 |
| 6. | Martha Lárusdótt. | 30 | — húsaleiga | 48. |
| 7. | Guðríður Þorkelsd. | 80 | — ~~Þorgrími~~ Kleppi | 120 |
| 8. | Salvör Ketilsdóttir | 87 | — sjálfrar sín | 100. |
| 9. | Ingibjörg Eiríksdóttir | 81 | — Sveini á Seli | 144. |
| 10. | Vilborg Magnúsdóttir | 8 | — Guðm. í Kalfakoti | 80. |
| 11. | Ingvar (Þorláksson) Bjarni barn Ingib. Maríu | 26/7 77. 6 | — Guðm. Árnasyni í Tjarnarhúsum | 80. |
| 12. | Barn (Guðrún Þorláksd.) hennar sömu | 25/1 76 7 | á Hamarstöðum | 80. |
| 13. | Helga Emilía, barn Diðriku Hölter | 5 (19/11 78) | Þórði Eliassyni á Norðurkoti | 80 |
| 14. | Sumarlína Sumarliðad. | (27/12 74) 9 | — Jóni Sigurðssyni á Stafarhöfða á Akran. | 80. |
| 15. | Guðrúnarson Benidikt | 10/7 77 6 | — Sigurði í Klettakoti | 80. |
| 16. | Jóhannes Jónsson | 81 | — Sigurði í Móakoti | 140. |
| 17. | Ingibjörg Guðmundsd. | 62 | — Kristjönu Jónsd. | 288. |
| 18. | ~~Arnfríður~~ Signý Olsen | 54 | — Margrjetu í Klettakoti | 144 |
| 19 | Þordís Jónsd. ekkja | 59 | — Sigurði Þórðarsyni | 60 |
| 20. | Jón Jónsson garðyrk. | 70 | — ~~Árna~~ pólití | 144. |
| 21. | Ásdís Daðadóttir | 52 | — Sveini í Saudag. | 90. |
| 22. | Barn Diðriku Hölter | | — Þórði á Bjargi á Kjalarnesi | 80. |
| 23. | Ólafur Guðnason (1/11 78) | 5 | — Sigurbjörgu Sig. | 80. |
| 24. | Sigríður Andersdótt. (19/8 ) | 3 | — Þórði í Norðurkoti | 80. |
| 25. | Magnús Hjaltested | 12 (23/11 71) | Sigurði Þórðars. í Skuggahverfi | 80. |
| | | | | 2388 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flyt — 2388

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 26. | Guðrún Símonía Ingjaldsd. | 12 ára | hjá Gunnl. Péturssyni | 80. |
| 27. | Elín Sigurðardóttir | 57 | sjálfrar sín | 48. |
| 28. | Kristrún Ásmundsd. | 56 | Torfa prentara | 120. |
| 29. | Bjarni Þórðars. | 19 ára | Sig. Guðmundssyni í Skildinganeskoti | 40. |
| 30. | Jón Ingimundarson | 59 | í Selsholti | 80. |
| 31. | Finnbogi Finnbogason | 3 ára | Jóni Pálssyni í Félagsg. | 80. |
| 32. | Þórunn Einarsd. | 10 | Sigurði Erlendssyni á Geirmundarbæ á Akranesi | 80. |
| 33. | Hallbera Guðmundsd. | 6 (12/3 77) | Bergi við Tjarnir | 80. |
| 34. | Gunnlaug Guðmundsd. | 9 | Árna pólití | 80. |
| 35. | Ívar Jónsson | 76 | í Veghúsum með húsal. | 110 |
| 36. | Agnes Jónsdóttir | 71 | Magnúsi Stefánssyni | 60 |
| 37. | Kristján Kristjánss. | 60 | húsaleiga | 36. |
| 38. | (Guðmundsson) Barn Guðr. Eiríksd. á Grjóta | 1 (16/12 82) | Magnúsi ~~[illegible]~~ Jónssyni á Laxárnesi | 80. |
| 39. | Einar Magnússon | 60 | í Skólabæ | 72 |
| 40. | María Margrjet Bjarnad. | 15 | hjá móður sinni | 30. |
| 41. | Erlendur Guðmundss. | 14 | Gísla Guðmundss. í Litlabæ | 30. |
| 42. | Sigríður Jónsdóttir | 52 | Helga Teitsdóttir | 100. |
| 43. | Guðm. Guðmundsson barn | 4 (30/9 79) | Jónasi á Mýri | 80. |
| 44. | Halldóra Guðmundsdóttir | 9 | Níelsi á Klöpp | 30. |
| 45. | Jónína Guðrún Jónasardóttir (4/9 82) | 2 | Antoni á Vindheimum | 60 |
| 46. | Frímann Sigurðss. | 11 | Einari í Þverárkoti | 80 |
| 47. | Friðrik Júlíus Guðrúnars. | 2 | Oddi Oddssyni á Melum | 80. |
| 48. | Helga Jóhannsdóttir | 55 | Markúsi á Þormóðsstöðum | 120. |
| 49. | Guðbjartur Þorláksson | 12 ára | Jóni Ólafssyni á Hlíðarhúsum | 40. |

4084

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4084

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 50. | Jóna Rannveig Einarsd. | 13 | Þorbjörgu Sveinsdótt. | 40. |
| 51. | Kristján Haagensen | 77 | Sigurði Eiríkss. í Alliance | 150. |
| 52. | Magnús Arason, | 52 | Einari Arasyni á Tópt | 100 |
| 53. | Magnús Magnússonsbarn | 1 | í Þorgrímsholti | 80. |
| 54. | Sigríður Þorkelsdóttir | 58 | Magnúsi í Lambhól | 60. |
| 55. | Gróa Jónsdóttir | 61 | Jakobi Steingrímssyni | 60. |
| ~~56.~~ | | | | 4574 |

## II. Þurfamenn.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ekkja Anna Ásmundsdóttir í Melshúsum | 80. |
| 2. | — Margrjet Einarsdóttir á Steinsholti | 80. |
| 3 | Ingigerður á Bala | 40 |
| 4. | Kristín Guðmundsdóttir á Hólakoti | 48. |
| 5. | Jóhanna Guðmundsd. á Lágholti | 80. |
| 6. | Einar Hjaltested með húsaleigu | 130. |
| 7. | Jóhann Heilmann | 80. |
| 8. | Ólafur Þorkelsson á Miðgrund | 30. |
| 9. | Mad. G. Lambertsen | 80. |
| 10. | Helga Jónsdóttir | 80 |
| 11. | Vilborg Ólafsdóttir á Ofanleiti | 80 |
| 12. | Guðrún Þorgrímsdóttir með húsaleigu | 60 |
| | | 868 |

## III. Vitstola menn.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ragnhildur Símonardóttir | 300 kr |
| 2. | Elísabet Egilsdóttir | 500 " |
| | | 800 |

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson. Þ. Ó. Gíslason

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1884, fimmtudaginn 24. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður lagði fram brjef, dags. 15. þ.m. frá Arna Árnasyni á Lambastöðum, þar sem hann biður um bæjarleyfi næsta ár, og var leyfið veitt.

2. Í brjefi 2. þ.m. biður Einar Björnsson á Kristjánshlíð um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum, en með því að allar skýrslur vantaði um hagi þessa manns, var leyfinu synjað að þessu sinni.

3. Í brjefi 23. þ.m. biður amtmaður suður-amtsins um ástæður fyrir synjun sinni um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Nefndin gat eigi breytt skoðun sinni um mál þetta, og var formanni falið að svara brjefi þessu frá amtmanni, og leita nákvæmari skýrslna um mann þennan.

4. Formaður gat þess, að Guðmundur Guðmundsson í Sandagerði hefði fengið 10 kr. upp á sveit sína, Stokkseyrarhrepp. Og sömuleiðis Sveinn Jónsson 10 kr. upp á Grímsneshrepp. — Einari Guðmundssyni 15 kr. upp á Strandhrepp. — Guðmundi Guðmundssyni frá Melkoti í Kjós 10 kr.

5. Eptir áskorun prestsins var Jóhanni ~~xx~~ Jóhannessyni frá Dúkskoti, niðursetningi í Stafholtstungum, komið fyrir hjá Sveini Bjarnasyni í Sandagerði upp á vanalega meðgjöf frá 23. þ.m.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson  Þ. Ó. Gíslason  [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1884, fimmtudaginn 14. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 6. þ.m. biður Einar Bjarnason á Hlíð um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. næsta fund á undan), og var leyfið veitt.

2. Í brjefi 26. f.m. biður Magnús Sigurðsson frá Suðurkoti í Grímsnesi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

3. Í brjefi 29. f.m. biður Einar Ísaksson á Mölshúsum á Álptanesi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. fund 4. janúarm. þ.á.), og var leyfið veitt.

4. Eiríkur Alexíusson í Skildinganesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en sökum fátæktar hans og lítils dugnaðar var beiðninni synjað.

5. Þorsteinn Einarsson frá Miðdalskoti í Kjós biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en því máli var frestað til að fá betri skýringar.

6. Í brjefi 23. f.m. biður amtmaðurinn um nákvæmari ástæður fyrir synjun nefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi fyrir Guðmund Árnason á Tjarnarhúsum (sbr. fund 4. d. f.m.); en nefndin gat eigi tekið aptur úrskurð sinn sökum óreglu og drykkjuskapar beiðandans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Sigurður Jónsson í Kasthúsum býðst til að halda Kristján Kristjánsson frá Hrafnhólum, ef hann fái 4 kr. um mánuðinn frá 5. okt. f. á. Var ákveðið að fresta málinu að þessu sinni, en reyna að semja um málið við Sigurð.

8. Í bréfi dags. 9. þ. m. biður presturinn séra Hallgrímur Sveinsson um, að fátækranefndin annist um, að kennsla drengsins Níels Breiðfjörð Jósepssonar, sem hann hefir komið fyrir hjá Guðrúnu Guðjohnsen, greiði borgun, þar eð sveit drengsins Akranesshreppur ekkert hefir skipt sér af honum; drengurinn verði á 18. árinu. Nefndin tókst á hendur, að annast um borgun kennslunnar.

9. Jón Erlendsson á Grímsstöðum heimtar 20 kr. með Jóni Jónssyni (slagtara) fyrir janúarmánuð. Var reikningurinn samþykktur, en ákveðið að koma Jóni Jónssyni hjá Þórði á Görðunum.

Fleira var eigi fyrir tekið.

E. Th. Jónassen

H. Friðriksson. G. Þórðarson P. O. Gíslason

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

318.

Ár 1884, fimmtudaginn 28. dag febrúarmánaðar átti fátæktranefndin fund með sjer.

1. Eyþór Árnason í Árnanaustum endurnýjar í brjefi 17. þ.m. beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. fund 16. f.m.) og var leyfið veitt.

2. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu biður í brjefi 21. þ.m. um styrk handa barni Jóhannesar Sveinssonar og Danhildar Jónsdóttur, að nafni Kristjáni, og fylgdi þar með bónarbrjef frá Jóhannesi sjálfum. Ákveðið að leita upplýsinga um sveitlægni Danhildar.

3. Í brjefi, dags. 23. þ.m., skrifar amtmaðurinn í Suðuramtinu, að hann hafi leyft Guðmundi Árnasyni að setjast hjer að í bænum sem tómthúsmaður.

4. Formaðurinn skýrði frá, að von væri á barni, upp á meðlag frá sveitarsjóði, ofan úr Borgarfirði.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson Þ. O. Gíslason
H. Kr. Friðriksson Þórður Torfason Ó. Ólafsson

Ár 1884, fimmtudaginn 13. dag marzmánaðar, átti fátæktranefndin fund með sjer.

1. Benjamín Jónsson á Grímsstaðaholti biður í brjefi 12. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en með því að hann þiggur af sveit í Gaulverjahreppi (2 börn hans á sveit), gat nefndin eigi veitt leyfi þetta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Guðmundur Sigfússon í Kirvuvík biður í brjefi 4. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, var leyfið veitt.
3. Kristján Þorsteinsson biður í brjefi 12. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.
4. Jón Guðmundsson í Nýjabæ biður í brjefi 10. þ. m. um tómthúsmannsleyfi, og var leyfið veitt.
5. Í brjefi 20. f. m. biður Erlendur Erlendsson á Móbýli á Akranesi um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var málinu frestað til að ná upplýsingum um hann.
6. Einar prentari Þórðarson skýrir frá því í brjefi 10. þ. m., að unglingspiltur hjá sjer Magnús Magnússon frá Rauðamel, væri svo heilsulaus að hann gæti eigi unnið fyrir sjer; og biður því fátækrastjórnina að sjá drengnum fyrir fæði; en fátækrastjórnin taldi þetta mál sjer óviðkomandi
7. Jóni Magnússyni frá Alptaneshrepp veittur 10 kr. styrkur eptir $10/2$-84.
8. Í brjefi 29. f. m. biður parktiarius J. Pjetursson um lækningastyrk handa ekkjunni Guðríðu Þórðardóttur gegn endurgjaldi af vinnukonu einni, sem hefur veiki hennar Hálsaveiki; og var styrkur veittur 24 kr. 29 a. En málinu var vísað til aðgjörðar sýslumanns fógetans.
9. Formaður lagði fram reikning frá Garðahrepp fyrir fátækrastyrk til Páli Pálmasonar og ekkja hans og barns, að upphæð 123 kr. 65 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Formaður gat þess, að Ívar pórtur þyrfti að fá meiri styrk en hann hefur haft, og var ákveðið að veita honum 8 Kr. um mánuðinn.

11. Enn fremur gat formaður þess að hann hefði samið við Sigurð á Kalkhúsum um að taka Kristján Kristjánsson („Krumma“) fyrir 4 Kr. um mánuðinn.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen

H. Fridriksson. P. O. Gíslason Ólafur Ólafsson

+

Ár 1884 hinn 16 Maí átti fátækranefndin fund með sér og var þá þá fyrir tekið:

1. Guðleifu Björnsdóttur ekkju úr Stafholtstungum (síðast komin frá á Þrándarstöðum í Kjós) veitt hér tómthúsmannsleyfi.

2. Ragnhildi Bjarnadóttur frá Gufunesi samkvæmt bréfi dags. 24. Marts þ.á. veitt bæjarleyfi.

3. Jóni Jónssyni frá Hækingsdal í Kjós sækir í bréfi dags. 15. Maiz þ.á. um bæjarleyfi; vegna þess að með þeim er nefndinni ókunnugur var frestað að gera út um þetta mál meðan nefndin fengi nánari upplýsingar um manninn og hag hans.

4. Bjarna Guðmundssyni frá Litluskógum í Stafholtstungum, er sækir um bæjarleyfi 10. Maí þ.á.,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var neitað um bæjarleyfi með því nefndinni er kunnugt um að Bjarni er mjög skuldugur og alveg efnalaus.

5. Jóni Þórðarsyni skipasmið frá Gróttu samkvæmt bréfi hans dags. 26. april þ.á. veitt bæjarleyfi.

6. Olafi Guðmundssyni frá Geldingaá í Borgarfirði eptir beiðni hans í bréfi dags. 12. þ.m. veitt bæjarleyfi.

7. Vigdísi Jónsdóttur ekkju frá Kjalardal, nú á Akranesi, er samkvæmt bréfi dags. 5 Maí þ.á. sækir um leyfi til þess að setjast að hér, neitað um slíkt leyfi þareð nefndinni er kunnugt um að ekkja þessi á fleiri börn í ómegð og er efnalítil.

8. Sæmundur Guðmundsson á Katanesi á Hvalfjarðarströnd sækir um bæjarleyfi í bréfi dags. 14. Maí þ.á., en vegna þess nefndin veit að maður þessi er drykkfelldur og auk þess efnalítill getur hún ekki veitt hið umbeðna leyfi.

9. Jónasi Árnasyni á Rauðará veitt leyfi til tómthúsmennsku eptir beiðni hans í bréfi dags. 16. þ. m.

10. Magnúsi Eyjólfssyni á Kjalarnesi, er sækir um bæjarleyfi 30. april þ.á., neitað um það bæjarleyfi, þareð hann er efnalaus ómagamaður og auk þess drykkfelldur og heilsulaus.

11. Guðríði Þórðardóttur vinnukonu hjá Lúdvík Knudsen veitt eptir beiðni hennar í bréfi dags. 12. april þ.á. 4 kr. styrk á mánuði fyrst um sinn með barni hennar.

12. Ávísað meðgjöf með barni Jens Þórðarsonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurði til Hermanns Guðmundssonar fyrir april 6,66 kr., en jafnframt tók formaður það fram að hann hefði tjáð þeim er barnið heldur að honum verði eptirleiðis að halda sér til föðursins um meðgjöf með barninu.

13. Lagt fram bréf frá Christiane Jónassen dags. 30. f. m., þarsem hún biður um styrk með barni Ingibjargar Norðfjörð úr fátækrasjóði; með því fátækrastjórnin ekki einusinni af réttum hlutaðeigendum hefir verið beðin fyrir að sjá fyrir þessu barni, þá álítur fátækrastjórnin mál þetta sér óviðkomandi. Þarsem nefnd kona ennfremur í téðu bréfi sínu hefir kvartað undan því að hún ekki fái meðgjöf eins háa með Ingibjörgu Guðmundsdóttur og borgað hafi verið með henni áður, þá skal þess getið að Madme Jónassen hefir sjálf samið um húsnæði við Ingibjörgu og henni verið borgað með henni úr fátækrasjóði líkt og áður var gefið með henni (: Ingibjörgu) og Madme Jónassen hefir fyrst nú eptir ~~nærri hálft~~ næstum 1 ár kvartað undan þessu. Auk þess skal það tekið fram að 30 kr. hafi aldrei verið gefnar mánaðarlega með Ingibjörgu nema um stuttan tíma; enda var skylda Madame Jónassen í tíma að kvarta undan því, ef hún áliti sig vanhaldna af meðgjöf með Ingibjörgu.

Með því eigi var fleira gert. Fundi slitið.

E. Th. Jónassen   G. Þórðarson   Þ. O. Gíslason

Ó. Ólafsson   Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1884 hinn 12. júní var haldinn fundur í fá-
tækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1. Jóni Jörundssyni frá Hækingsdal í Kjós (sjá f. fund) veitt tómthúsmennskuleyfi.

2. Þorsteini Einarssyni frá Kjós samkvæmt beiðni í bréfi dags. 11. f. m. veitt tómthúsmennskuleyfi.

3. Bjarna Grímssyni á Grímsstöðum veitt leyfi til tómthúsmennsku eptir beiðni hans í bréfi dags. 31. f. m.

4. Gesti Vigfússyni í Ánanaustum samkvæmt bréfi 2. júní þ. á. veitt tómthúsmennskuleyfi.

5. Framlagt bréf frá Þorkeli Árnasyni úr Gnúpverjahreppi dags. 24. f. m. þar sem hann biður um leyfi til þess að setjast hér að sem tómthúsmaður; með því nefndinni var maður þessi ókunnugur var frestað að veita þetta leyfi.

6. Hans Jónssyni (í Grímsbæ), er biður um styrk með Hinriki Árnasyni, var neitað um þennan styrk, þareð fátækranefndin aldrei hefir komið Hinrik Árnasyni fyrir hjá Hans Jónssyni.

7. Kristjáni Hróbjartssyni í Kasthúsum veittar 6 kr. styrkur mánaðarlega fyrst um sinn.

8. Mad. Helgu Johannesdóttur á Þormóðsstöðum ákvað fátækranefndin frá 1. júlí þ. á. að hækka meðgjöfina þannig að hún mánaðarlega yrði 12 krónur.

9. Lagt fram bréf frá hreppsnefnd Hrunamannahrepps dags. 18. Maí þ. á. þar sem þess beiðst leyfis hreppsnefndarinnar til þess að þurfamaður þeirra Guð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lögm. Þorsteinssonar megi búa hér í bænum gegn því að hann í Hvammsmannahreppi borgi hér allt það er hann kann að þiggja. Nefndin er því eigi mótfallin að Guðlaugur Þorsteinsson dvelji hér næsta ár, með því skilyrði að hreppsnefndin í Grund-um ~~hreppi~~ þegar á lestum taki austur til sín báða foreldra Guðlaugs, sem eru uppgjafa gamalmenni og nú dvelja hér hjá honum, og[2] ennfremur útvegi Guðlaugi hér húsnæði og ~~ennfrem~~[3] leggi honum svo nægan styrk að hann ekki þurfi að þiggja styrk úr fátækrasjóði hér næsta ár.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

E. Th. Jónassen

P. O. Gíslason

Ólafur Ólafsson

Ár 1884 hinn 10. júlí var fundur haldinn af fátækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1. Bréf frá Ólafi Halldórssyni úr Borgarfirði dags. 25. júní þ.á. er sækir um bæjarleyfi í vegna þess að maður þessi, að því nefndinni er kunnugt, er að heita félaus maður verður nefndin eptir því bága bjargræðis-ástandi, er nú er hér, að neita Ólafi um aðsetursleyfi hér.

2. Gunnari Gunnarssyni ásmiði hjá M. Johannesen veitt aðsetursleyfi eptir beiðni hans í bréfi dags. 23. Maí þ.á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Bréf frá Einari Gunnsteinssyni í Valgarðsbæ dags. 1. þ. m., þarsem hann beiðist húsaleigu fyrir Guðm. Halldórsson 16 krón., en þareð fátækranefndin aldrei hefir beðið Einar fyrir að hýsa Guðmund álítur hún sér með öllu óskylt að borga nokkra húsaleigu fyrir hann.

4. Bréf dags. 10. júlí frá Ráðhildi Jónsdóttur ekkju í Skaptahól um meðgjöf með barn-dóttur hennar Ingibjörgu. Þareð fátækranefndin álítur að þessi dóttir Ráðhildar eigi sveit í Álptaneshreppi í Gullbringusýslu, vill nefndin eigi láni henni neinn styrk, en álítur sjálfsagt að flytja eigi hana héðan á sinn framfærsluhrepp ásamt barni sínu.

Frekara ekki fyrir tekið. Fundi sagt slitið.

E Th Jónassen
G. Þórðarson
Þórður Torfason

Ár 1884 h. 14. ágúst átti fátækranefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir:

1. Lagt fram bréf frá Hólmfríði Magnúsdóttur, ekkju Bjarna skóara Jónssonar, dags. í júlí þ. á., þarsem hún biður um húsaleigustyrk. Nefndin á-kvað frá 15. þ. m. og fyrst um sinn til vors að láta hana fá 3 krónur mánaðarlega í húsaleigustyrk. afgr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Bar formaður upp það mál að hann væri falið á hendur af Jóni Ásmundssyni í Dúkskoti að selja bæ hans upp í skuld, í réði fátækranefndin það af, þar sem þar er hann fullkomið handbendi, ef bær hans yrði seldur, að fela formanni það á hendur að semja við lánardrottinn hans um frest á borgun höfuðstólsins gegn því að borga áfallna óborgaða vexti af láninu.

3. Formaður gat þess að hann samkvæmt því, er áður hefði verið samþykkt af fátækrastjórninni hefði ávísað til útborgunar úr fátækrasjóði meðgjöf 30 krón. með barni Brunhildar Jónsdóttur til Eiríks Eiríkssonar í Breiðabólsstöðum á Álptanesi.

4. Þorsteini Ólafssyni frá Reykjanesi veitt tómthúsmannsleyfi eptir beiðni hans í bréfi dags. 30. f. m.

afr.

5. Formaður gat þess að nauðsynlegt mundi að líta eptir högum Brynjólfs Brynjólfssonar í Garðbæ, sem væri mjög bágstaddur með efni. Var ákveðið að láta Brynjólf mæta fyrir formanni og láta hann þar gefa skýrslu um ástand sitt og efnahag.

6. Ávísað reikningi fyrir fátækraflutningi frá Sveini Bjarnasyni í Sandagerði dags. 29. f. m. að upphæð 31. K.

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi ~~Rètti~~ sagt slitið.

E. Th. Jónassen  G. Þórðarson  Þ. Ó. Gíslason

Ólafur Ólafsson  Þórður [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1884, fimmtudaginn 11. dag septembermán.
átti fátækrastjórnin fund með sjer.

1. Var framlagt upp brjef frá Guðrúnu Jóns-
dóttur á Bergi, þar sem hún biður um uppgjöf á
skuld þeirri, sem hún standi í við fátækrasjóð,
sem barnið stendur, í, bæði fyrir; en skuldin
er 652 kr. Var ákveðið, að leggja það til við bæjar-
stjórnina, að Guðrúnu væru gefnar eptir
352 kr., ef hún borgaði 300 kr. með skildögum
viðurkjendi borgunarfrestinum, sem henni
væri hagarlegir, svo sem allt á 6 árum.

(sjómaður hjá Skau.)
2. Bónarbrjef frá Jóni Jónssyni um tómthús-
mennskuleyfi ásamt móður sinni; brjefið
er dags. 10. þ. m. Ákveðið var, að neita bón
þessari með því að nefndin þekkti alls
eigi til hans, en þóttist vita, að hann væri
bláfátækur.

3. Brjef, ódagsett, frá Guðlaugi Magnúsi Jóns-
syni um tómthúsmennskuleyfi. Nefndin
sagði nei; því að maðurinn væri með öllu
efnalaus, en eigi væri mikið útlit fyrir
mikla atvinnu hjer í bænum næsta vetur,
og konan væri þar að auki heilsulaus.

4. Brjef, dags. 3. þ. m., frá Árna Gíslasyni
vestanlandspósti, um tómthúsmennskuleyfi
hjer í bænum. Var leyfið veitt.

5. Í brjefi 27. f. m. biður Þórður Árnason um
leyfi til tómthúsmennsku hjer í bænum. Var
beiðninni neitað.

6. Brynjólfur Eiríksson í Grjóta biður í brjefi
18. f. m. um 40 kr. styrk til húsaleigu.
Nefndin fann enga ástæðu til að veita hjer þetta
að þessu sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Sigrún Guðlaugsdóttir biður í brjefi 29. f.m. um húsaleigustyrk, 24 kr. Nefndin veitti henni 12 kr.

8. Í brjefi 8. þ.m. biður Guðlaug Ásgrímsdóttir um meðgjöf með barni Kristjáns Jónssonar og Guðrúnar Þorkelsdóttur 3 kr. um vikuna, eptir samningi við Ólaf Ólafsson í Lækjarkoti. Ólafur neitaði því, að hann hefði samið um þetta barn við Guðlaugu En Kristján hafði sjálfur komið barninu fyrir. Nefndin ákvað að fresta málinu að þessu sinni til næsta fundar; en rannsaka skyldi málið til þess tíma.

9. Formaður las upp brjef frá sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu, ~~dag~~ 18. f.m., þar sem sýslumaðurinn skýrir frá, að Sigurgeir Guðmundsson frá Sólmundarhöfða væri svo fátækur, að hann gæti ekkert gefið með syni sínum Oddi, og spurðist fyrir, hvort nefndin vildi eigi láta senda barnið til Reykjavíkur. Nefndin ákvað, að bjóða, að borga föðurnum eða þeim, sem barnið væri hjá, 40 kr. um árið frá nýári 1884.

~~10. Í brjefi, dags. 12. f. m. frá Guðm. Jónssyni Guðmundssyni í Sauðagerði.~~

10. Í brjefi dags. 12. f.m. skýrir læknir Dr. Jónas Jónassen ~~skýrir~~ frá, að kona Guðm. Guðmundss. í Sauðagerði ~~hans~~ Guðrún Jónsdóttir sje svo veik, að eigi sje auðið að flytja hana á hrepp sinn Stokkseyrarhrepp; hún liggur á spítalanum. Og í brjefi dags. 1. þ.m. skýrir Guðmundur sjálfur frá, að hann alls ekkert borgað fyrir legu konu sinnar á spítalanum. Ákveðið var, að nefndin skyldi ábyrgjast legukostnað konunnar fyrst um sinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Ávísaðar Sigurði Sigurðarsyni 24 kr. fyrir flutning Sólbjargar Ásmundsdóttur ásamt 2 börnum gegn tiltölulegi endurgjaldi frá Kjósar- og Gullbringusýslu.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen, H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson. P. O. Gíslason.
Ólafur Ólafsson. Þórður Torfason

Ár 1884 h. 25. september var fundur haldinn af fátækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1. að stinga uppá hver börn skyldu verða aðnjótandi styrks þess, er vænta má að fáist úr Thorkillii-barnaskólasjóði á þessum vetri. Var svo stungið uppá:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Guðbjartur Þorláksson | | | |
| | ⅓ kennslueyri | . . . . | 40,00 | |
| | ⅓ uppeldis-styrkur | . . . | 20 | 60,00 |
| 2. | Hinrik Bjering Þorláksson | 11 ár kennslueyr. | | 20.00 |
| 3. | Margrét Antonsdóttir | 12 ár do | | 20.00 |
| ×4. | Hólmfríður Hermannsd. | 12 do | | 20.00 |
| ×5. | Guðrún Kristín Sigurðard. f. 16/12 1871 | Háb. do do | | 20.00 |
| ×6. | Sigríður Torfadóttir | 13 ár do do | | 20.00 |
| ×7. | Margrét Einarsd. í Arnarholti | 12 ár do do | | 20.00 |
| ×8. | Jakob Jónsson | 12 ár do | | 20.00 |
| ×9. | Árni Hannesson (pósts) | do do | | 20.00 |
| 10. | Sigurður Júlíus Jörgensen | 12 ár do | | 20.00 |
| ×11. | Salvör Egilsdóttir | 11 — do | | 20.00 |
| | | | | kr 260.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

261



| | | |
|---|---|---|
| × 12. | Ámundur Ólafsson 12 ára kennslueyrir | 20,00 |
| 13. | Þorgrímur Björn Stefánsson 11 –"– –"– | 20.00 |
| 14. | Guðný Sigurðardóttir í Móakoti 13 –"– | 20.00 |
| 15. | Haraldur Guðnason 9. ára Hallskoti –"– | 20.00 |
| 16. | Lúðvík Árni Hafliðason f. 18/5 73 –"– | 20.00 |
| 17. | Guðríður Hafliðadóttir f. 24/8 74 –"– | 20.00 |
| × 18. × | Magnús Pjetursson í Hólakoti 9 ára –"– | 20,00 |
| 19. | Jón Jakobsson á Sel f. 20/12 1872 (foreldralaus) — | 20.00 |
| × 20. | Magnús Guðmundsson (vaktara) 9 ára – | 20 00 |
| 21. | Ingunn Jakobína Jónsdóttir (í Læknisgötu) 11 –"– — | 20.00 |
| 22. | Halldór Steinsen 12 ára . . . | 20.00 |
| [23 = | Anna Lovísa 7 ára . . . . | 20.00] |
| 24 | Kristín Hansdóttir 17/11 74 . . . | 20.00 |
| 25. | Gróa Björnsdóttir í Vorhúsum 11 ára | 20.00 |
| × 26. | Björg Sigurðardóttir 3/3 73 . | 20.00 |
| 27. | Kristinn Jónsson í Ánanaustum 11 ára . | 20.00 |
| 28. | Guðríður Magnúsdóttir do. 11 – | 20.00 |
| × 29. | Þóra Magnúsdóttir á Miðseli 12 – | 20,00 |
| × 30. | Gísli Guðmundsson á Brekkubæ. 9 – | 20.00 |
| (~~31.~~ | ~~Gróa Stefanía Stefánsdóttir~~ | ——) |
| 31. | María Eyvindardóttir (í Vindheimakoti) 10 ára | 20.00 |
| × 32. | Margrjet Eiríksdóttir í Grjóta 11 ára | 20,00 |
| × × 33 | Ásmundur Eiríksson do. 9 ára | 20.00 |
| | | = 680 krónur |

2. Þórði Markússyni á Þormóðsstöðum veitt tómthúsmannastyrk eptir beiðni hans í bréfi dags. 9. septemb. þ. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt fram bréf frá Amtinu dags. 20. septemb. þ.á. viðvíkjandi umkvörtun Ragnheiðar Sveinbjarnardóttur yfir því að fátækranefndin hefði synjað manni hennar Magnúsi Jónssyni um tómthúsmennskuleyfi hér. Eptir þeim nýju upplýsingum um ástæður þeirra hjóna, er fylgdu þessu bréfi amtsins, vill fátækranefndin veita Magnúsi hið umbeðna leyfi.

4. Samin áætlun fyrir árið 1885 þannig:

Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vextir af skuldabrjefum fátækrasjóðs . . | 36,00 |
| 2. | Tekjur af fasteignum . . . . . | 40.00 |
| 3. | tíund til fátækra . . . . . | 180.00 |
| 4. | tekjur af arðberandi fé . . . | " – " |
| 5. | sektir til fátækrasjóðs . . . | 100.– " |
| 6 | hundaskattur . . . . . . . . | 30.– " |
| 7. | ýmisleg ~~útgjöld~~ tekjur til fátækrasjóðs þar í lán, er kunna að endurgjaldast | 500.00 |
| | | Kr. 886.00 |

Gjöldin

| | | |
|---|---|---|
| 1. | til ómaga . . . . . . . | 4800 |
| 2 | – þurfamanna . . | 1000 |
| 3 | – útstola . . . . . | 950 |
| 4 | – greptrunar ómaga . . . | 150 |
| 5 | – lögflutningur þurfamanna | 50 |
| | Flyt: | 6950 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6950.00

6. til fátækralyfja . . . . . . . 120,00

7. önnur útgjöld . . . . . . . . 800.00

7870.00

verður þá mismunur á tekjum og gjöldum 6984,00 krónur, sem þarf að jafna á gjaldendur bæjarins.

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi sagt slitið.

Ellefsmann.
G. Þórðarson. P. O. Gíslason.

Ár 1884, ~~fimmtu~~ miðvikudaginn 8. dag októbermánaðar átti fátækrastjórnin fund með sjer.

1. Í brjefi 8. þ.m. biður Ívar póstur um, að styrkur sá, sem hann fær úr bæjarsjóð, verði hækkaður upp í 10 kr. um mánuðinn, og einhverja hlýja flík. Afráðið var, að útvega honum hlýtt skjólfat, en hækka eigi tillagið að sinni.

2. Lýður Magnússon biður í brjefi í dag um styrk af fátækrasjóði, 20 kr. í eitt skipti fyrir veturinn. Afráðið var, að veita honum 10 kr. nú, með ádrætti um 10 kr. eptir nýárið.

3. Magnús Árnason á Hlíðarhúsum biður um 35 kr. sem meðgjöf með barni Kristjáns skóara, þurfta. Ákveðið var að láta hann fá 17 kr. nú þegar, en hitt eptir nýárið, ef hann þyrfti þess þá við.

4. Formaðurinn skýrði frá, að hreppstjórinn í Grímsnesi hefði borgað upp allt það lán, sem hreppurinn var í fyrir Einar Sveinsson, og hann ~~mundi~~ mundi nú í þessum mánuði greiða það, sem fátækranefndin hefði lagt út fyrir Brynjólf Brynjólfsson; en hefði óskað, að barnið Sigríðar Bjarnadóttur í Lágholti yrði sent austur þegar í haust.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Ólafur Ólafsson og Þórður Torfason skýra frá, að stúlkan Ingibjörg Jóhannsdóttir í Halli-koti með 2 börnum sje með öllu bjargarlaus. Ákveðið var, að láta flytja Ingibjörgu með eldra barninu upp á Akranes, áleiðis til ~~[illegible]~~ x, en kona ynnga barninu fyrir. x Stafholtstungnahrepps í Mýrasýslu.
6. Jón Erlendsson biður í brjefi dags. í gær um fátækrastyrk, 20–30 kr., en ákveðið var, að flytja hann með fólki sínu á hrepp sinn, Vatnleysu-strandarhrepp.
7. Ákveðið var, að hækka tillag til þurfamanna um 500 kr. næsta ár.
8. Bergi Pálssyni í Bergskoti voru veittar 15 krónur.
9. Hans Jónsson við Hlíðarhúsastíg biður um 100 kr. lán, en nefndin gat eigi veitt honum þetta lán.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. ~~M. Friðriksson.~~ G. Þórðarson P. O. Gíslason
Þórður Torfason

Ár 1884, fimmtudaginn 23. dag októbermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Jón Loptsson frá Grímsneshreppi biður í brjefi 8. p.m. um húsmennskuleyfi hjer í ~~[illegible]~~ bænum að minnsta kosti í vetur, ásamt barnsmóður sinni og einu barni. Nefndin gat eigi veitt leyfið, með því að eigi var annað sýnt, en að hann lægi við sveit og örreigi.
2. Þá las formaður upp frá fátækranefndinni í Ripum, þar sem nefndin þar segist hafa ~~sendt~~ aukið kostnað þann, sem leiddi af ferð Regine Gnatt hjeðan til Danmerkur, en peningarnir eru reyndar eigi komnir enn.
3. Gísli Björnsson á Bakka segir Pjetur Þorvaldsson til sveitar. Ákveðið að hjálpa honum eptir þörfum, undir umsjón Gísla Björnssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Gísli Guðmundsson biður um 40 kr. meðgjöf í 6 mánuði með Erlindi Guðmundsyni, og var það samþykkt.

5. Vilborg Ólafsdóttir biður í brjefi 8. þ.m. um 10 kr. styrk á mánuði sjer og þremur börnum sínum til framfæris, og var það veitt.

6. Guðrúnu Þorgrímsdóttur voru ávísaðar 10 kr.

7. Guðlaugu Ásgrímsdóttur var veitt meðgjöf með barni Kristjáns Jónssonar og Guðrúnar Þorkelsdóttur að þriðjungi með 2 kr. 22 a. um mánuðinn frá 1. september þ.á.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. ~~H. Friðriksson.~~ G. Þórðarson Þ. O. Gíslason

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason.

Ár 1884, föstudaginn 7. dag nóvembermán., átti fátækranefndin fund með sjer:

1. Magnús Árnason frá Knararnesi á Vatnsleysuströnd biður í brjefi 5. þ.m. um styrk handa konu sinni (Halldóru Ólafsdóttur) og börnum 2 þennan vetur og framvegis, meðan kjör hans sjeu eins bágborin og þau nú eru. Nefndin ákvað að hjálpa honum eptir þörfum.

2. Torfi Þorgrímsson prentari biður um aukinn styrk eða 16 kr. um mánuðinn með Kristrúnu Ásmundsdóttur. Nefndin ákvað, að skrifa Torfa á þá leið, að hún gæti eigi hækkað meðgjöfina til nýárs, en þá mundi nefndin semja við hann um meðgjöfina frá nýári, og vildi nefndin hækka meðgjöfina um 20 kr. á ári.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(ekki á Veganúgtum)
3. Þórdís Jónsdóttir biður um aukinn styrk framvegis, og ákvað nefndin að veita henni 8 kr. um mánuðinn fyrst um sinn
4. Nefndin ákvað að gefa 6 kr. 66. með barninu Lydiu Angelicu um mánuðinn núna fyrst í vetur til Sigurðar Þórðarsonar á Melunum.
5. Nefndin ákvað, að gefa með barninu Lauru Nygaard (6,66 k á mánuði) fulla meðgjöf frá 1. d. júlím. gegn endurgjaldi frá framfærslusveit hennar, Arnarneshreppi? í Eyjafjarðarsýslu.
6. Zakaríasi á Bergi voru ávísaðar 5 kr., sem eptir stóð af meðgjöf með Maríu Bjarnadóttur fyrir árið 1883.
7. Hinriki Arnasyni voru ávísaðar 30 kr.
8. Steindór Guðmundsson frá Alptá á Mýrum biður í brjefi 27. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstkomandi vori. Leyfið var veitt.
9. Guðmundur Jónsson á Brekku hjer í bænum biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næsta vori. Leyfið var veitt.

Fundi slitið

Eirspónsson G. Þórðarson P. O. Gíslason
Ó. Ólafsson. Fridriksson.

Ár 1884, mánudaginn 1. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Las formaður upp brjef frá sýslumanninum í Snæfellsnessýslu, dags. 19. f. m., viðvíkjandi viðurkenningu um sveitfesti Jóns á Blámdals og jafnframt svar sitt til sýslumannsins dagsett í dag.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21.6.6

2. Því næst las formaður upp brjef frá amtmanninum í suðuramtinu, dags. 10. þ. m., þar sem amtmaður staðfestir neitun fátækranefndarinnar um bæjarvist Bjarna Guðmundssonar frá Litla-Skógum í Stafholtstungum.

3. Í brjefi dags. 26. f. m. fer prestur Hallgrímur Sveinsson fram á, að fátækranefndin veiti styrk, 150-200 Kr., og ábyrgð fyrir 300 Kr., til meðgjafar Lovísu Vilhelmínu Katrínu Jónsdóttur í Finnbogabæ á "Abnorm-anstalt" í Kaupmannahöfn. Fátækranefndin ákvað, að bera málið undir atkvæði bæjarstjórnarinnar, og leggja það til, að hin umbeðna ábyrgð fyrir 300 Kr. yrði veitt.

4. Í brjefi, dags. 12. f. m. biður Hermann Guðmundsson um, að fátækranefndin vildi taka að sjer barn Jens Þórðarsonar, sem er hjá Hermanni, en sem Jens hefur eigi gefið með í langan tíma. Nefndin lofaði, að sjá um meðgjöfina með barni þessu framvegis.

5. Runólfur Einarsson frá Syðri-Hömrum í Holtum biður í brjefi dags. 8. f. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

6. Þorsteinn Jónsson frá Neri við Seltjörn biður í brjefi 8. f. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

7. Ávísaðar 124 kr. 20 a. með Elízabet Egilsdóttur.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen  G. Þórðarson  P. O. Gíslason.  H. Friðriksson.
O. Olafsson  Þórður Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1884, fimmtudaginn 11. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Jón Pálsson í Fjelagsgarðinum biður, í brjefi 8. þ.m. meðlag með drengnum Þorsteini Márus 60 kr. um árið framvegis, og 80 kr. að auk, sem ógoldnar eru frá þessum síðustu 2 árum. Nefndin ákvað, að greiða honum frá nýári 60 kr. um árið, með því sem foreldrarnir kynnu að geta borgað.
2. Marta Markúsdóttir biður um meðgjöf með dóttursyni sínum Emil Georg Pjetur. Með því að móðir drengsins, Kristín Árnadóttir er fædd á Eiði á Seltjarnarnesi, er það skylda Seltjarnarneshrepps að ala önn fyrir dreng þessum, og var ákveðið að skrifa hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps um dreng þennan.
3. Í brjefi dags. 4. þ.m. biður Kristján Erlendsson á Hliðsnesi á Álptanesi um tómthúsmennsku hjer í bænum. Ákveðið að fresta málinu, til þess að fá betri skýrslu um beiðandann.
4. Magnús Árnason í norska húsinu biður um 20 kr. upp í meðgjöf með barninu, dóttur ~~Pjeturs~~ Kristjáns Pjeturssonar og Margrjetar Árnadóttur (sbr. fund 8. október þ.á.); ákveðið að veita honum 10 kr.
5. Anna Hjaltested biður um 12 kr. fyrir hirðingu á ~~[illegible]~~ Þórdísi Jónsdóttur, og var það veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Þorbjörg Benónídóttir, sveitlæg í Eyjafjallahreppi, var heitið styrk úr fátækrasjóði gegn endurgjaldi frá hennar hrepp.

Fundi slitið.

~~H. Kr.~~ Friðriksson. G. Þórðarson Þórður Torfason Ellingmann [illegible]

Ár 1885, fimmtudaginn 8. dag janúarmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkurbæjar fund með sjer.

1. Í brjefi 11. des. f. á. biður Rafn Sigurðsson skóari um tómthúsmennskuleyfi handa Jóni Arinbjarnarsyni frá Blönduholti í Kjós, var leyfið veitt.

2. Í brjefi 31. f. m. beiðist sjera Hallgrímur Sveinsson, að Björn, sonur Bjarna Björnssonar, fæddur 1. júní 1871 fái kennslu svo í vetur, að hann verði fermdur í vor. Nefndin ákvað, að koma honum í barnaskólann gegn endurgjaldi af sveit hans Austurlandeyjahrepp.

3. Þá var settað meðlag með ómögum bæjarins og þurfamönnum, þannig:

I. Fastir ómagar.

(1. Einari Magnúss. . . . . . . fellur burt).
1. Haraldi Jónssyni, 12 ára, hjá Jóni í Bakkabæ 80 Kr. [interlined: Guðm. Guðm. Fellsstöðum]
2. Guðrúnu Jónsdóttur 9 — hjá (Guðjóni Þórólfss.) 80.
3. Guðm. Gunnarsson 10 — — ~~Eyvar.~~ Óskar. á Tóft 80 —
4. Jón Jónsson — 84 — — Bjarna í Garðbæ 90 —
5. Guðríður Þorketd. 81 — — Þóru Kleppsvegi 120 —
6. Salvör Ketilsd. 88 — — sjálfra sín 100 —
7. Vilborgu Magnúsd. 9 — — Guðm. í Kaffakoti 80 —
8. Ingvar Bjarni Þorlákss. 7 — — Guðm. Árnasyni 80 —
9. Guðrún Þorláksd. 8 — á ~~Haukstöðum~~ [interlined: á [illegible]holti Guðjón Þórólfsson] 80 —
10. Helga Emilía (barn Didr. Hölter) 6 — — Elís Þórðarsyni 80

870

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Flutt. | 870 Kr |
| 11. | Sumarlína Sumarliðad. | 10 | Jóni Sigurðsyni á Ak. | 80 |
| 12. | Benidikt Guðrúnarí. | 7 | Margrjeti í Klettak. | 80 |
| 13. | Ingibjörg Guðmundsd. | 63 | Kristjáni Jónassen | 288 |
| 14. | Astríður Olsen | 55 | Margr. í Klettakot | 144 |
| 15. | Jón garðyrkjumaður | 71 | Árna pólití | 144 |
| 16. | Ásdís Daðadóttir | 53 | Sveini í Sauðagerði | 90 |
| 17. | Barn Didr. Hölter | – | Þórði á Bjargi | 80 |
| 18. | Ólafur Guðnason | 6 | Sigurbj. Sigurðsson | 80 |
| 19. | Sigríður Andersd. | 4 | Þórði í Norðurkot | 80 |
| 20. | Magnús Hjaltest. | 13 | Sig. Þórðars. í Skuggahv. | 80 |
| 21. | Guðr. Sesselía Ingimagnsd. | 13 | Guðj. Einarssyni | 80 |
| 22. | Kristrún Ásmundsd. | 57 | Torfa prentara | 150 |
| 23. | Bjarni Þórðars. | 20 | Sig. Guðmundss. | 40 |
| 24. | Jón Ingimundars. | 60 | í Selsholti | 80 |
| 25. | Finnbogi Finnbogas. | 4 | Jóni í Fjelagsg. | 80 |
| 26 | Þórunn Einarsdóttir | 10 | Sigurð. Erlendss. Geirmundarbæ | 80 |
| 27. | Hallbera Guðmundsdóttir | 7. | Bergi íoðlasmið. | 80 |
| 28. | Gunnlaug Guðmundsd. | 10 | Árna pólití | 80 |
| 29. | Ívari Jónssyni pósti | 77. | á Veghúsum | 110 |
| 30. | Agnes Jónsdóttur | 72. | Magnúsi Stefáns. | 60 |
| 31. | Kristjáni Kristjáns. | 61. | Jóni ~~Árnljótssyni~~ | 48 |
| 32. | Guðmundur, barn, Guðr. Eiríksd. sál. í Grjóta | 2 | Magnúsi Ólafss. í Laxárn. | 80 |
| 33. | Erlendi Guðmundss. (dó 1. apríl) | 15 | Gróa Guðmundss. | 18 |
| 34. | Sigríði Jónsdóttur | 53 | Helga Teitssyni | 100 |
| 35. | Guðm. Guðmundss. | 5 | Jónasi á Mýri | 80 |
| 36. + | Halldóra Guðmundsd. | 10 | Nielsi á Klöpp. | 30 |
| 37. | Jónína Guðrún Jónasard. | 3 | Anton í Vindheim | 80 |
| 38. | Frímann Sigurðsson | 12 | Einari í Þverárk. | 80 |
| 39. | Friðr. Július Guðrúnars. | 3. | Oddi Oddssyni á Bakka | 80 |
| 40. | Helga Jóhannsdóttur | 56 | Markúsi á Þormóðsst. | 120 |
| 41. | Guðbjarti Þorlákssyni | 13 | Jóni Ólafss. á Miðsel. | 40 |
| | | | | ~~1804~~ 3612 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt. 3612.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 42. Kristján Haagensen | 81? | Sigurð. Eiríkss. | 150 |
| 43. Magnús Arasyni | 53 | Einari Aras. | 100 |
| 44. Magnús Magnússyni | 2 | í Þorgrímshol. | 80 |
| 45. Sigríði Þorkelsd. | 59 | Magnúsi í Lambh. | 60 |
| 46. Kristján Jóhannesssyni | 4 | hjá Eleníð. í Breiðabólst. | 30 |
| 47. Oddur Siggeirsson | 5 | Kristjáni á Sölmundarhöfða | 80 |
| 48. Kristjana Jóhannesd. | | | 80 |
| 49. Lydía Angelica Magnúsd. | 7 | Sigurði þorðars. Mel. | 80 |
| 50. (Sigríður Guðmundsd.) Barn Guðm. Jónss. Eyvindsdóttir | 1 | Magnúsi á Eiði | 80 |
| 51. (Sigurbjörg Guðmundsd.) d'o d'o d'o | 4. | Gíslu Stefánssyni | 80 |
| 52. Barn Halldóru Ólafsd. Guðrún Magnúsdóttir | 2 | Markúsi á Þormóðsst. | 80 |
| | | | 4512 |

II. Þurfamenn.

| | |
|---|---|
| 1. Anna Ásmundsdóttir í Melshúsum | 40. |
| 2. Margrjet Einarsdóttir á Steinsholti | 60. |
| 3. Ingiríður Einarsd. á Bala | 40. |
| 4. Kristín Guðmundsdóttir á Hólakoti | 48 |
| 5. Jóhanna Guðmundsdóttir á Lágholti | 80 |
| 6. Einar Hjaltested með húsaleigu | 130 |
| 7. Jóhann Heilmann | 80 |
| 8. Mad. G. Lambertsen | 80 |
| 9. Helga Jónsdóttir | 80 |
| 10. Vilborg Ólafsdóttir á Þjanleyti | 120 |
| 11. Guðrún Þorgrímsdóttir með hinni | 80 |
| 12. Elín Sigurðardóttir | 48 |
| 13. Einar Magnússon í Skólabæ | 72 |
| | 958 |

III. Utstöla menn.

| | |
|---|---|
| 1. Ragnhildur Símonardóttir | 300 Kr |
| 2. Elísabet Egilsdóttir | 500 " |
| | 800 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að svo gjörðu var

Fundi slitið.

Ellefsen. ~~Fridriksson.~~ G. Þórðarson

P. O. Gíslason

\+ Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1885, fimmtudaginn 22. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 4. des. hafði Kristján Erlendsson á Hlíðarnesi beðið um bæjarleyfi, sjá fund. 11. s. m., en þá var beðist um skýrslu um hagi hans, og hafði hann gefið þá skýrslu, og eptir þeirri skýrslu þótti eigi ástæða til að neita honum, og var honum því veitt tómthúsmannsleyfi hjer í bænum.

2. Í brjefi 10. þ. m. beiddist Þorsteinn Rögnvaldsson í Kaplaskjóli um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

3. Í brjefi 10. þ. m. beiddist Guðmundur Bjarnason frá Hraðastöðum í Mosfellssveit um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

4. Þórður Andrjesson á Kiðafelli biður í brjefi 14. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

5. Árni Kristjánsson í Hlíðarhúsum skýrir í brjefi dags. í dag, að Sæunn Sigurðardóttir, húskona hjá honum, sje bjargarlaus, og var ákveðið, að skoða hjá henni næsta dag, og hjálpa henni eptir þörfum.

6. Í brjefi dags. 8. þ. m. skýrir sjera Hallgrímur frá, að Árni Oddsson þurfi að ganga í barnaskólann, en faðir hans geti eigi gefið með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum skólagjaldið, og óskar þess, að fátækra-
nefndin vildi gjalda skólagjaldið frá nýári
til vors, og var það ákveðið, að svo skyldi
vera gegn endurgjaldi af Skorradalshrepp.
7. Jón Oddsson í Mýrarholti biður í brjefi
30. f. m. um 30 kr. í meðlag með þorvaldi
heitnum Ásmundarsyni í 6 mánuði; en
málinu var frestað að þessu sinni til að leita
betri upplýsinga.
8. Ávísaðar 60 kr. með Jórunni Jónsdóttur
til Gísla Björnssonar á Bakka fyrir 1884.
9. Pjetur Illugason biður í brjefi 11 þ. m. um
styrk úr fátækrasjóði 20–30 kr., en jafn-
framt var lagður fram reikningur frá
N. Zimsen upp á 150 kr. þennan reikning
taldi nefndin sjer (raunar) óviðkomandi, en
ákvað, að taka þreyrið upp í vor, og
koma Pjetri fyrir sem vinnumanni hjá
Sveini í Sandagerði, jafnvel frá 1. í næsta
mánuði með öðru barninu, en styrkja
konuna með hinu barninu, en borga
skuldina, að því leyti, sem hún er gjörð
frá nýári 1884.

Fundi slitið.

Ell. Jóhannesson. H. Kr. Friðriksson.
Ó. Ólafsson. Þórður Guðmundsson

Ár 1885, fimmtudaginn 26. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Formaður lagði fram brjef frá Jóni Jónssyni í Görðunum, dags. 28. f. m., þar sem hann þess biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.
2. Þorsteinn Þorsteinsson á Lambastöðum á Seltjarnarnesi, biður, í brjefi 26. f. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; en með því, að enginn úr nefndinni þekkti hann, nje heldur neinar skýringar fylgdu brjefi hans, sá nefndin sjer eigi fært, að leyfa honum tómthúsmennsku að þessu sinni.
3. Pjetur Brandsson frá Hörðubóli í Dalasýslu biður í brjefi 31. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá haustinu 1885. Leyfið var veitt.
4. Í brjefi 4. þ. m. biður Stefán Þorkelsson nú á Stóra-Seli biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu var frestað, unz beiðandi gæfi skýrslu nákvæmari um bæjarkaup þau, sem hann talar um í brjefinu.
5. Ásmundur Ásmundarson í Engey biður í brjefi 24. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi frá næstu krossmessu. Var leyfið veitt.
6. Í brjefi 14. þ. m. biður Bjarni Bjarnhjeðinsson frá Melrakkadal um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.
7. Guðrún Pálsdóttir, nú á Steinsstöðum, biður í brjefi 14. þ. m. um tómthúsmennsku-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi hjer í bænum; en með því að hún er há-
fátæk og hefur lengst barn að sjá fyrir, þótti
nefndinni engin ástæða til að veita leyfið.

8. Guðmundur Jóhannesson (í Hlíðarhúsum) biður í brjefi
21. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í
bænum, og var leyfið veitt.

9. Steinn Jónsson á Nesi við Seltjörnd
biður í brjefi 20. þ.m. um tómthúsmanns-
leyfi hjer í bænum; en með því að engar
skýrslur fylgdu um ástæður þessa manns,
var málsúrslitum frestað, unz þær
skýrslur koma.

10. Í brjefi dags. 12. þ.m. skýrir landshöfðingi
frá, að hinn danski generalkonsúl í
London hafi lagt út fyrir Þorbjörgu
Sveinsdóttur yfirsetukonu £2 til að
komast til Kaupmannahafnar. En nefnd-
inni þótti eigi ástæða til, að borga fje þetta úr
fátækrasjóði Reykjavíkur, meðan eigi væri
víst, hvort hún gæti eigi sjálf borgað fjeð
í Kaupmannahöfn.

11. Gunnlaugur Halldórsson skýrir í brjefi 26. þ.m.
frá, að hann hýsi eigi Einar Ólafsson lengur
en til næsta mánaðamóta, nema fátækra-
nefndin ábyrgist honum húsaleiguna
framvegis, 4 kr. um mánuðinn, og var að því
gengið til krossmessu.

12. Hinrik Árnason biður í brjefi 15. þ.m. um
30 kr. styrk nú á fyrir vertíðina. Ákveðið
var að hjálpa honum með allt að 20 kr., eptir
samkomulagi við húsbónda hans.

Fiskara eigi fyrir-

lokið.

Elli Jónasson
M.Fridriksson. G. Þórðarson. Björn Jónsson
Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

Ár 1885, fimmtudaginn 26. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer og
1. Formaður bar þá fram beiðni frá Magnúsi Pálssyni áður í Lambhaga, í brjefi 7. þ. m., um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum með konu og 2 börnum; en með því að fátækranefndinni var kunnugt, að hann hefði þáð af sveit sinni, og hún (Sveitin) kostaði uppeldi nokkurra barna hans; gat nefndin eigi veitt leyfi þetta.
2. Þá gaf formaður ýmsar skýringar um Stefán Þorkelsson (sjá næsta fund á undan), og eptir þeim skýringum þótti nefndinni eigi ástæða til, að neita honum um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og veitti því leyfið.
3. Í brjefi dags. 19. þ. m. viðurkennir hreppstjórinn í Hvalfjarðarstrandarhreppi að Guðlaugur Magnús Jónsson sje sveitlægur þar í hreppi.
4. Steini Jónssyni á Nesi (sbr. næsta fund á undan) var veitt tómthúsmennskuleyfi samkvæmt þeim skýringum, sem nefndin hafði útvegað sjer um hann og hagi hans.

Fundi sagt slitið

Elli Jónasson. M.Fridriksson. Björn Jónsson.
Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885, laugardaginn 16. dag maímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 2. þ.m. biður Þorsteinn Þorsteinsson frá Lambastöðum, í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfi þetta var veitt.

2. Kristinn Gunnarsson frá Gerði í Garði biður í brjefi 12. þ.m. sömuleiðis um tómthúsmennsku hjer í bænum. Leyfi þetta var og veitt.

3. Sigurgeir Sigurðsson frá Hvarfshóli, í Geiradalshrepp, í Barðastrandarsýslu biður í brjefi 7. þ.m. sömuleiðis um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En með því að maður þessi var bláfátækur, og nefndin vissi ekkert um hans hagi að öðru leyti, var bæninni synjað að sinni, unz hún fengi meiri og betri skýrslur um hann.

4. Jón Jónsson vinnumaður hjá steinhöggvara Schau biður í brjefi í dag um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. (sbr. fund 11. sept. 1884). Leyfi þetta var veitt.

5. Í brjefi dags. 18. apríl þ.á. biður Steinn Jónsson á Nesi á Seltjarnarnesi um tómthúsmennskuleyfi; en leyfið var þegar veitt á næsta fundi hjer á undan.

6. Þá skýrði formaður frá, að Sigurlaug nokkur, sem hefur verið vinnukona í Vatni hið síðasta árið er sveitlæg hjer í bænum, hafi verið vistuð hjá M. Stephensen í Viðey þetta árið, en nú

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi M. Stephensen brugðið vitarráðunum. Var á-
kveðið að skrifa M. Stephensen um málið, og vita,
hvort hann vildi eigi taka hana; en ef hann
vildi það eigi, þá skyldi málið koma til úrslita á
næsta fundi.

7. Kristján Sigurðsson á Hrólfsskála biður í brjefi
11. þ.m. að systir hans, Kristjania Kristjánsdóttir
Möller megi dvelja til næsta vors í Gutnabæ í
Reykjavík; en nefndin fann eigi ástæðu til að
veita þetta leyfi, heldur væri betr að hún flytti
í Seltjarnarneshrepp, þar sem hún væri þar
sveitlæg.

8. Guðbjörg Oddsdóttir biður í brjefi 2. þ.m., að
barni því, sem hjá henni er, verði ráðstafað;
en því barni var þegar ráðstafað upp á
Hjalarnesi.

9. ~~Ákveð~~ Runólfur Runólfsson bókbindari hafði
beðið að losast við barn nokkurt, sem er sveitlægt
í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Ákveðið var
að koma því fyrir fyrst um sinn, unz því yrði
komið á sinn framfærsluhrepp.

10. Ákveðið að veita Þorláki beyki Magnússyni 40 kr. í húsa-
leigu styrk þetta árið til næsta vors; eða 3 kr. 33 aura um
mánuðinn.

11. Reikningi frá Rannveigu Þórðardóttur á Vegghúsum
að upphæð 16 kr. fyrir húsaleigu Mörtu Markús-
dóttur var neitað, þareð nefndin hafði eigi lofað
þessari húsaleigu.

Fundi slitið.

Eiríkur Jónasson. ~~H. Kr. Friðriksson~~. Björn Jónsson.

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1885 hinn 28. Mai átti fátækranefndin fund með
sér og var þá tekið fyrir:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.) Lagt fram bréf frá Jóhanni Ringsted á Seyðisfirði þar sem hann beiddist 250 kr láns úr fátækrasjóði sér til styrktar við húsabygginguna. Eptir kringumstæðunum þótti nefnd. ráðlegast að verða við þessari beiðni Jóhannesar, sem vafalaust er hér sveitlægur. Lánið þetta, er Jóhann býðst til að endurborga eptir 5 ár eða á 5 árum og að vera leigulaust, en veð ætlast nefndin til að fá í húsinu fyrir láninu.

2. Lagt fram bréf frá Þórarni Jónssyni sjómanni á Grímsstaða-koti, dags. 27. þ. m. þar sem hann beiddist leyfis til þess að mega setjast hér að sem tómthúsmaðr nú þegar. Nefndin frestaði að gera út um þessa beiðni unz hún hefði aflað sér betri upplýsinga um greindan mann.

3.) Lagt fram og ávísaður reikningur frá verzlun Geirs Zoëga yfir það, er hann hefir borgað út fyrir fátækrasjóðinn til þurfamanna frá nýári til 1. april þ. á. að upph. 922 kr.

4.) Nefnd. fornmaðr það að Þórður Guðmundsson á Görðunum hefði boðizt til þess að taka ómagann Herdísi Guðjónsd. er væri í Skildinganesi, en þareð fátækranefndinni er kunnugt um að það fer vel um greindan ómaga þar sem hann er og ekki hefir vissu fyrir að Þórður vilji taka mjög mikið minna fyrir að halda Herdísi, þá álítur nefndin að ekki væri vert að gera breytingu á verustað Herdísar að sinni.

Fleira eigi tekið fyrir. Fundi slitið.

E Th Jónassen  G. Þórðarson.  Björn Jónsson.
Ó Ólafsson  Þórður Torfason

Ár 1885, fimmtudaginn 11. dag júním, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þorvaldur Tolfason gaf þar upplýsingar um Þórarinn Jónsson, sem beiðst hafði tómthúsmennskuleyfis hjer í bænum (sjá næsta fund á undan), að nefndinni þótti eigi ástæða til að veita honum hið beðna leyfi, með því að hann væri bæði drykkfelldur og ráðleysill.

2. Formaður lagði fram brjef dags. 27. f. m. frá forstöðukonunni fyrir St. Josephs spítala í Kmh. þar sem hún biður, að sjer sje borgaðar 285 kr. fyrir legu Þorbjargar Sveinsdóttur þar um rúma 3 mánuði. En nefndin vísaði þessari kröfu frá sjer, sem sjer óviðkomandi, þar sem hún engan þátt hefði átt í því, að koma Þorbjörgu fyrir á nefndum spítala.

3. Í brjefi dags. í dag biður Margrjet Skaptadóttir um lán til flutnings til Ameríku eða að sjá sjer fyrir atvinnu framvegis. En nefndin gat hvorugt gjört.

4. Benidikt Ármannsson, nú á Bakka hjer við Reykjavík, biður í brjefi 27. f. m. um tómthúsmennsku hjer í bænum með konu og barni. Málinu var frestað að þessu sinni, með því að enginn nefndarmanna þekkti beiðandann.

5. Í brjefi dags. 6. þ. m. skýrir presturinn að Kálfatjörn frá að Guðrún Guðmundsdóttir, bústýra Magnúsar Einarssonar á Bjargi, sje fædd 5. nóv. 1843 í Vatnsleysustrandarhreppi. Guðrún þessi hafði hvergi áunnið sjer sveit, og er hún því sveitlæg í fæðingarhreppi sínum. Nefndin afrjeð að taka heimili Magnúsar upp, og senda hana með börnum sínum suður á sína sveit.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Nefndin skoraði á formanninn, að ~~skora~~ fá að vita hjá amtmanni, hver úrslitin væri orðin á sveitfesti Magnúsar Stefánssonar í Steinakoti.

Fundi slitið

Ell Jónassen. HKrFriðriksson. Björn Jónsson G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1885, fimmtudaginn 25. dag júnímánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi 24. d. þ.m. biður Jón Jónsson úr Blöndulilíð í Skagafirði biðar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu var frestað, unz upplýsingar fengjust um hann.
2. Björn Hannesson biður, í brjefi dags. 21 þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Beiðinni neitað að svostöddu, sökum skorts á upplýsingum.
3. Ákveðið að veita konu Jóns Guðnasonar 6 Kr. um mánuðinn til húsaleigustyrks nú til nýársins.

Fundi slitið

Ell Jónassen. HKrFriðriksson.
Ó Ólafsson

Daníel Kristjánsson úr Miklaholtshreppi leyfð hér tómthúsmennska ytir bæðum í bæjfi dags — nú þegar.

D. u. s. Ell Jónassen

Ár 1885 h. 10. September var fundur haldinn af fátækranefndinni og var þar þá tekið fyrir:

1.) Í brjefi frá 20. ágúst þ. m. tilkynnti amtmaður að Magnús Stefánsson væri sveitlægur í Seltjarnarneshreppi, með því að sýslumanninum í Gullbringusýslu væri samdóma bæjarfógetanum um þetta efni.

2. Forseti tilkynnti, að eptir ósk Rannveigar Eleifsdóttur hefði hann ávísað henni 3 kr. um mánuðinn frá 1. f. m. í húsaleigu og var það samþykkt.

3. Í brjefi dags. 9. þ. m. biður Einar Einarsson frá Skálholti ~~um~~ tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

4. Í brjefi 9. þ. m. beiðist Sigurður Jónsson á Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, en með því að enginn í fátækranefndinni þekkti þennan mann, var úrskurður málsins frestað, uns skýrslur fengjust um hann.

5. Gunnlaugur Hannesson á Nauthól biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; en nefndinni þótti eigi ástæða til að veita leyfið eptir ástæðum hans.

6. Hans Jónsson í Hlíðarhúsum biður í brjefi dags. í dag um meðgjöf með 2 börnum sínum. En nefndin neitaði um þetta, en lofaði að hjálpa honum í vetur eptir þörfum.

7. ákveðið að gefa með barni Guðm. heitins Vestmanni hjá Einari Þorsteinssyni 80 kr., og sömuleiðis að annast tökustúlku, sem Guðm. átti áður en hann giptist, en sem er sveitlæg í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu.

8. Ámunda Ámundasyni voru ákveðnar 8 kr. fyrir flutning á Margrjetu Björnsdóttur út á gufuskipið.

9. Markús Þórðarson biður í brjefi 9. þ.m. um að meðlagið með Helgu Jóhannsdóttur yrði hækkað upp í 200 kr. um árið frá 1. d. þ.m. Samþykkt var að bæta við hann 30 kr. til nýárs en eptir nýárið skyldi nefndin íhuga, að hve miklu leyti krafa hans yrði til greina tekin.

10. Agnesi Jónsdóttur var ákveðið að koma fyrir nú í haust, með því að Magnús Stefánsson mundi flytja burt, enda hefði Magnús sjálfur óskað þess.

11. Ákveðið að grennslast eptir, hver efnahagur Magnúsar Magnússonar á Þorgrímsholti væri, og hversu mikið bústýra hans [illegible] eiga hjá honum.

12. Kristínu Ásbjörnsdóttur heitið 2 kr. um mánuðinn í húsaleigu.

13. Ólafi Ólafssyni og Þórði í Vigfúsarkoti falið á hendur að skoða bæ Jóns Ingimundarsonar og geta að, hverrar aðgjörðar hann þarfi.

14. Sama áætlun um útgjöld fátækranefndarinnar sem í fyrra, nema til þurfamanna var hækkað upp í 1500 kr.

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Þórður [illegible]

Ár 1885, miðvikudaginn 16. dag septembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

Formaðurinn bar það upp, hvort fátækranefndin eigi vildi stinga upp á því, við bæjarstjórnina, að hún tæki allt að 3000 kr. láni nú í haust, til að útvega mönnum vinnu nú í haust, með því að mjög væri hætt við, að atvinnuleysi yrði talsvert í haust, og því bágindi millum manna, ef eigi væri því betri fiskiafli; og væri þá helzt að byrja á veginum inn til lauganna frá Bégamótaveginum eptir þeirri stefnu, sem ákveðin kynni að verða af bæjarstjórninni; og sömuleiðis skyldi bæta aðra vegi, þar sem hann þyrfti umbóta við, einkum vegina frá Fossbogsbrunni, og var uppástunga þessi samþykkt.

Fundi slitið.

Eli Jónassen  H. Kr. Friðriksson.  G. Þórðarson  Björn Jónss.

Ár 1885, mánudaginn 28. dag septemberm. átti fátækranefndin fund með sjer ásamt prestinum sjera ~~Hallgrími~~ Sveinssyni

1. Var þá rætt um, hver börn nefndin vildi stinga upp á að fengi styrk af Thorkilliisjóði, næsta skóla-ár, og voru þau, er kennslustyrk skyldu fá:

1, ~~Guðl.~~ Henrik Bjering Þorláksson — 20 kr.
2. Guðný Hermannsdóttir á Brekku (4/8 75) 20 —
3. Sig. ~~Jósefsson~~ Jörgensson — 20 —
4. Margrjet Egilsdóttir (7/7 75) 20 —
5. Þorgrímur Björn Stefánsson — 20 —
6. Guðný Sigurðardóttir í Mýrakoti — 20 —
7. Haraldur Guðnason — 20 —
8. Luðvík Árni Hafliðason — 20 —
9. Guðríður Hafliðadóttir —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Jón Jakobsson — 20 kr.
11. Ingunn Jakobína Jónsdóttir — 20 —
12. Halldór Steinsen — 20 —
×13. Kristín Hansdóttir — 20 —
14. Gróa Björnsdóttir — 20 —
15. Björg Sigurðardóttir (f. 2/3 – 73) — 20 —
16. Kristinn Jónsson — 20
17. Guðríður Magnúsdóttir — 20
18. María Eyvindardóttir — 20.
19. Ásbríður Bjarnadóttir (f. 22/1 – 77) — 20.
20. Þorv. Magnússon (f. 15/4 – 75) — 20
21. Sigríður Níel Steinsen. — 20.
22. Gunnlaugur Sigurðsson — 20.
23. Stefanía Gróa Gísladóttir (gáraɔ) — 20 —
24. Kirstín Katrín Þorsteinsd. 12/6 – 70 — 20 —
25. Gísli Guðmundsson frá Brekkuholti (10 ára) — 20 —
26 Margrjet Antonsdóttir — 20 —
27. Katrín Elísabet Hafliðadóttir (24/2 – 76) — 20 —
28. Sigríður Jónsdóttir í Duksskoti (13/4 – 73) — 20 —

Samt. 560 kr.

Fundi slitið.

E. Egilsson. ~~M~~ Friðriksson. G. Þórðarson

Hallgrímur Sveinsson. Björn Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885, fimmtudaginn 22. dag októbermán. átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Í brjefi, dags. 14. þ. m., skýrir Jarðþrúður Pétursdóttir frá því, að Þóra Jóhannsdóttir Olsen hefði setzt upp hjá sjer, og fól fátækranefndinni að ráðstafa henni. Henni hefði verið útvegað húsnæði hjá Jóni í Dúkskoti, en að öðru leyti mun fátækranefndin annast um, að hún eigi deyi úr hungri.
2. Lýði Magnússyni voru veittar 20 kr. til matbjargar og húsaleigu.
3. Í brjefi dags. 7. þ. m. biður Helga nokkur Brynjólfsdóttir um leyfi til að mega vera hjer sjálfrar sín í vetur. En með því að enginn í nefndinni vissi nein deili á henni, var frestað, að ákveða neitt um þessa beiðni.
4. Í brjefi 3. þ. m. biður Halldóra Ólafsdóttir um, að fátækranefndin vildi taka að sjer barn sitt hið yngsta, ~~því~~ og hefði Guðrún Bergþórsdóttir boðizt til að taka barnið gegn fullri meðgjöf. Ákveðið var að bjóða Guðrúnu 60 kr. með barninu úr fátækrasjóði, en Halldóra skyldi greiða henni það, sem hún heimti meira.
5. Þorgeir Baldvinsson biður í brjefi 7. þ. m. um leyfi til að mega vera hjer í vetur í tómthúsmennsku; en þeirri beiðni var neitað.
6. Reikningur fyrir tyrfingu á bæ Jóns Ingimundarsonar 3 kr. 25 a. ávísaðar.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen G. Þórðarson. [illegible] Fredriksen Björn Jónsson [illegible] Torfason

Ár 1885, fimmtudaginn 12. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 11. júlí þ. á, beiddist Jóhann Árnason um meðlag með móður sinni Sigríði. Fátækranefndin ákvað, að veita honum hálft meðlag. 40 kr., frá nýári.
2. Í brjefi dags. 2. þ. m. biður Jóhanna Magnúsdóttir um húsaleigustyrk, 12 kr. um árið, og var það veitt.
3. Í brjefi 8. þ. m. biður Magnús Stefánsson um aukið meðlag með Agnesi Jónsdóttur, svo að það yrði að minnsta kosti 10 kr. um mánuðinn. En ákveðið var, að koma henni fyrir sem allra fyrst á öðrum stað.
4. Guðbjörg Oddsdóttir biður um 63 kr. í húsaleigu, sem hún þegar skuldaði Sveini í Ólafsbúð. En nefndin neitaði þessari beiðni, en lofaði aptur á móti að borga 3 kr. um mánuðinn í húsaleigustyrk, fyrst til nýári, og að auka við allra-nauðsynlegasta henni til lífsviðurhalds.
5. Jakob Þorbergsson biður í brjefi 7. þ. m. um tómthúsmennsku leyfi í bænum, og var leyfið veitt.
6. Magnúsi Stephensen í Viðey voru veittar 20 kr. fyrir þetta árið með Jóni Jóhannssyni, og honum lofaðar 40 kr. um árið framvegis.
7. Guðlaug Stefánsdóttir á Króktúni á Landi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En eptir þeim skýrslum, sem nefndin hafði í höndum, þótti henni eigi ástæða til að veita leyfi þetta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~8. A~~ Með því að eigi var fleira til umræðu, var Fundi slitið.

ElJónasson ~~M~~ MKristriksson.

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason.

Ár 1885, fimmtudaginn 26. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. í dag fer biskup Pjetur Pjetursson fram á, að fátækranefndin veiti veita ekkjunni Sigurlaugu Brynjólfsdóttir styrk úr fátækrasjóði gegn endurgjaldi af hrepp hennar Miðdalahreppi í Dalasýslu. Fátækranefndin veitti henni 10 Kr. sjer að þeim ~~sinni~~ sinni, en síðar eptir þörfum.

2. Hinrik Árnason biður í brjefi dags. 25. þ. m. um styrk. Samþykkt var, að veita honum 4 Kr. um mánuðinn í vetur, er Þórður í Gróttu hafði boðist til að taka hann fyrir.

3. Í brjefi, dags. 16. þ. m., biður Steingrímur Jónsson í Byggðarði um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum frá næstu fardögum, og var leyfið veitt.

4. Í brjefi dags. í dag biður Sigurður Runólfsson á Árhóli í Holtum um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum frá næsta vori, og var leyfið veitt.

5. Þorkell Sigurðsson í Sauðagerði biður í brjefi 14. þ. m. um styrk sökum bágindi sinna, og hafði hann þegar fengið 10 Kr.

Fundi slitið.

ElJónasson ~~M~~ MKristriksson. G. Þórðarson

Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1885 hinn 10. December var fátækranefndin á fundi samankomin og var þá þar tekið fyrir

1.) tilkynnt bréf landshöfðingja til bæjarfógeta dags. 8. p.m. áhrærandi beiðni ekkju Kristínar Jónsdóttur um að þá dóttur hins Louise á kennslustofum Professor Kellers í Kaupmannahöfn fyrir vanheil börn

2.) (frá þeirri Arnadóttur Finnbogabæ) Beiðni dags. 9. decemb. f.á. um húsaleigustyrk; henni var heitið 15 krón. frá 1. januar 1886 til 15. Mai næstkom. sem húsaleigu-hjálp.

3.) Beiðni frá Guðmundi Ásmundssyni í Hákoti dags. 8. p.m. þarsem beiðist þess að fátækranefndin vilji borga sér áfallna húsaleigu, e. Brynjúlfs Eiríksson í Helgabæ skuld hennar og því framvegis taki ábyrgð á húsaleigu fyrir hann 50 kr. um árið. Nefndin var á því að ekki gæti verið umtalsmál að borga neitt af hinni þegar áföllnu húsaleigu með því að fátækranefndin ekki hefði tekizt á hendur neina ábyrgð í því tilliti fyrir Brynjúlf; en að öðru leyti kom nefndinni saman um að heita Brynjúlfi allt að 20 krón. í húsaleigustyrk fyrir næstkomandi ár.

4. Formaður nefndarinnar gat þess að Hólmfríður Magnúsdóttir, ekkja Bjarna sál. skóara Þórissonar, hefði borið sig upp við hann og beiðst í vetur 4 kr. um mánuðinn í húsaleigustyrk; nefndinni kom saman um að láta hana fá 2 krónur mánaðarl. í húsaleigu-styrk frá nýári næstk. til 14. Mai næsta ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Tvennt lagt fram bréf dags. 1. decemb. þ.á. frá Ragnheiði Vigfúsdóttur konu Jóns Jónssonar lóðs þarsem hún fer því fram að fátækrastjórnin borgi til Ingunnar Sigvaldadóttur áfallna húsaleigu frá því 1. febrúar þ.á. 4. kr. á mánuði hverjum. Nefndin veitti Jóni húsaleigu-styrk frá 1. Okt. í haust og áður fyrst um sinn, þó þá hafði Ingunn fyrst leitað til fátækranefndarinnar í þessu efni og afsagt að hafa Jón framvegis nema gegn ábyrgð fátækrasjóðs.

6. Eiríki Magnússyni úr Flóanum, er hingað fluttist í vor austan, eptir beiðni hans í bréfi dags.
veitt hér bæjarleyfi frá næstkomandi vori að nýju.

7. Kristjáni Sigurðssyni, úr Knappadalssýslu, veitt leyfi til þess að mega setjast hér að sem tómthús-maður frá næstkomandi vori. Var leyfið veitt.

Frekara eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

E. Th. Jónassen G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson

Ár 1886, fimmtudaginn 14. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Meðlag var ætlað með ómögum bæjarins og þurfamönnum þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Haraldur Jónsyni | 13 á. | hjá Þork. Gíslasyni | 80 kr. | |
| 2. Guðrúnu Jónsdótt. | 9 – | – Guðnýju Jónsdóttur | – | 80 – |
| 3. Guðm. Gissurars. | 10 – | – Einari Arasyni | – | 80 – |
| 4. Jóni Jónsyni | 85 – | – Bjarna í Garðhús. | – | 90 – |
| 5. Guðríði Þorkelsd. | 82 a | – Þorvaldi Klængssyni | – | 120 – |
| 6. Salvör Ketilsdótt. | 89 – | – sjálfrar sín | – | 100 – |
| 7. Vilborgu Magnúsd. | 10 – | – Guðm. í Kálfakoti | – | 80 – |
| 8. Ingvari Bj. Þorláks. | 8 – | – Guðmundi Arnasyni | – | 80 – |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

290.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9. Guðrúnu Þorláksdótt. | 9 ár. | á Hauralstöðum | 80 kr. |
| 10 Helga Emilia (d. Didr. Hölters) | 7 | | 80 |
| 11. Sumarlína Sumarlidadóttur | 11 | hjá Jóni Sigurðss. á Akri | 80. |
| 12. Benidikt Guðrúnarsyni | 8 | Margrjet í Klettak. | 80 |
| 13. Ingibjörg Guðmundsd. | 64 | Kristjönu Jóhansen | 288. |
| 14. Astríður Olsen | 56 | Margr. í Klettakoti | 144 |
| 15. Jón garðyrkjumaður | 72 | sjálfr sín | 144 |
| 16. Ardísi Dadadóttur | 54 | Þórði í Görðunum | 90 |
| 17. Barni Didriks Hölters | 1? | Þórði á Bjarg. á Kjal. | 80 |
| 18. Ólafi Guðnasyni | 7 | Sigurbj. Sigurðard. | 80 |
| 19. Sigríði Andersdótt. | 5 | Þórði á Norðurkoti | 80 |
| 20. Magnúsi Hallbeck | 14 | Sig. Þórðars. í Skuggak. | 40 |
| 21. Guðr. Símonar Sigmundsd. | 14 | Guðjóni Einarssyni | 80 |
| 22. Kristrúnu Ámundad. | 48 | Torfa prentara | 150. |
| 23. Bjarna Þórðarsyni | 21 | Sigurði Guðmundss. | 40 |
| 24. Jóni Ingimundars. | 61 | í Selsholti | 80 |
| 25 Finnboga Finnbogas. | 5 | Jóni í Félagsgarði | 80 |
| 26. Þorunni Einarsd. | 11 | Sig. Erlendss. á Akri | 80 |
| 27. Hallb. Guðmundsd. | 8 | Bergi söðlasmið. | 80 |
| 28. Gunnl. Guðmundsd. | 11 | Árna politi | 80 |
| 29. Ívari Þósti Jónssyni | 78 | á Veghúsum | 110 |
| 30. Agnesi Jónsdóttur | 73 | Einari á Hóholti | 120 |
| 31. Kristi. Kristjánssyni | 62 | sjálfr sín | 48 |
| 32. Guðm. barni Guðrúnar Eiríksd. í Grjóta | 3 | Magn. ~~Ólafssyni~~ Jónssyni á Laxárnesi | 80. |
| 33. Sigríði Jónsdóttur | 54 | Helga Teitssyni | 100 |
| × 34. Guðm. Guðmundss. | 6 | Páli Jónssyni í Melsh. | 80 |
| 35. Halldóru Guðmundsd. | 11 | Níelsi á Klöpp | 80 |
| 36. Jónína Guðr. Jónasard. | 4 | Anton á Vindheim. | 80 |
| 37. Frímanni Sigurðssyni | 13 | Einari í Þverárkoti | 80 |
| 38. Fredr. Julius Guðrúnars. | 4 | | 80 |

Gáit

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 39. | Helgu Jóhannsd. | 57 ár. | hjá Markúsi á Þormóðsst. | 180 kr. |
| 40. | Guðbjartr Þorlákssyni | 14 | Jóni Ólafssyni | 40 |
| 41. | Kristj. Haagensen | 82 | Magnúsi í Melkot. | 180 |
| 42. | Magnúsi Arasyni | 54 | Einari Arasyni | 100 |
| 43. | Magnúsi Magnússyni | ?2 | á Þorgrímsstaðh. | 80 |
| 44. | Sigr. Þorkelsdóttur | 60 | Magnúsi í Lambhól | 60 |
| 45. | Kristjáni Jóhannsen | 5 | Erlindi á Breiðabólsst. | 30 |
| 46. | Oddi Siggeirssyni | 6 | Kristj. á Sölmundarh. | 80 |
| 47. | Kristjönu Jóhannesd. | 1 | Pjetri á Bala | 80 |
| 48. | Lydiu Angelica Magnúsd. | 3 | Sigurði Þórðars. á Traðarkot. | 80 |
| 49. | Sigfreði Guðmundsd. | 2 | Magnúsi á Eiði | 80 |
| × 50. | Guðr. Magnúsdóttur | 3 | Markúsi á Þormóðst. | 80 |
| 51. | Magnús H Magnússon | 1 | Guðrúnu Bergþórsd. | 80 |
| 52. | Jórunni Jónsdóttur | . | Gísla á Bakka | 60 |
| 53. | Magnúsi Magnússyni | 72? | Guðlaugu Oddsdóttur | 120 |
| 54. | Andríönu Pjetursdótt. | 6 | Sveini í Sauðagerði | 80 |
| 55. | Jóni Kristjánssyni | 3? | Guðrúnu Steinsdóttur | 40 |
| 56. | Ráðhildi Jónsdóttur | 64? | sjálfrar sín í Skaptahl. | 96 |
| 57. | Hjörleifi Guðmundsd. | 2? | Einari Þorsteinss. í Arnarh. | 80 |
| | | | | 5080 |

~~58~~

## II. Þurfamönnunum.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Önnu Ásmundsdóttur í Melshúsum | 40 kr. |
| 2. | Margrjetu Einarsdóttur á Steinsholti | 60 |
| ×3. | Ingiríði Einarsdóttur á Bala | 40 |
| ×4. | Kristínu Guðmundsdóttur á Hólakoti | 48 |
| 5. | Jóhönnu Guðmundsd. á Lágholti | 80 |
| 6. | Einari Hjaltested með húsaleigu | 130 |
| 7. | Jóhanni Heilmann | 80 |
| ×8. | Mad. G. Lambertsen | 80 |
| ~~9.~~ | ~~Helgu Jónsdóttir~~ | |
| 9. | Vilborgu Ólafsdóttur á Ofanleiti | 120 |
| 10. | Guðrúnu Þorgrímsdóttur | 80 |
| 11. | Elínu Sigurðardóttur | 48 |
| 12. | Einari Magnússyni í Skólabæ | 72 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Rannveigu Eiríksdóttur í Kolbeinshúsum . . . 36 kr.
14. Kristínu Ásbjörnsdóttur í Stafni — 24 —
15. Jóhönnu Magnúsdóttur á Vindheimakoti — 12 —
16. Jóni Jóhannssyni í Viðey — 40 —
NB 17. ~~Guðmundi~~ Herdísi Guðjónsdóttur — 80 —
18. Elnu Ingimundardóttur — 24.
19. Sigríði Guðmundsdóttur á Ofanleyti — 28 —
1122

III. útstola.

1. Ragnheiði Símonardóttur . . . 300 kr.
2. Elísabet Egilsdóttur . . . . . 500 —
800

2. Í brjefi dags. 23. f. m. biður Jón Vigfússon á Arnarnesi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næsta vori; var leyfið veitt.

3. Helgi Hannesson á Grænhól í Ölfusi biður í brjefi dags. 23. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu. Nefndin þekkti hann að engu, og gat því eigi veitt honum hið umbeðna leyfi, með því að hann var bláfátækur.

4. Í brjefi 16. des. 1885 biður Jóhannes Guðmundsson á Egilsstöðum í Villingaholtshrepp um tómthúsmennskuleyfi; en nefndin gat eigi veitt leyfið, þar sem engar skýrslur fylgdu bónarbrjefinu um hagi þessa manns.

5. Jón Guðmundsson á Eyjum í Kjós biður í brjefi 19. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu. Nefndin neitaði um leyfið að sinni, með því að engar skýrslur fylgdu um hagi hans að neinu leyti.

6. Oddur Helgason í Árabæ biður um tómthúsmennsku frá krossmessu í vor. Nefndin neitaði um leyfið vegna fátæktar hans.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson.
Ó. Ólafsson Þórður Jónasson G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886, fimmtudaginn 11. dag febrúarmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer

1. Í brjefi 1. þ. m. biður Jón Oddsson frá Hausthúsum í Leiru um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En málinu var frestað, unz betri skýrslur fengjust.
2. Jón garðyrkjumaður biður í brjefi 26. f. m. um aukinn fátækrastyrk, 16 kr. f. hvern mánuð. Afráðið var, að veita eigi styrkinn, en heldur koma honum fyrir á hentugum stað.
3. Dómkirkjupresturinn óskar í brjefi 26. f. m., að fátækranefndin útvegi Guðrúnu Egilsdóttur sveitlægri á Akranesi, betri kennslu, en hún nú nýtur, og var samþykkt, að koma henni fyrir til kennslu hjá Sigríði Markúsdóttur fyrir 3 kr. um mánuðinn.
4. Torfa Vigfússyni í Hafnarfirði voru veittar 10 kr. ~~upp~~ sem styrkur með barni bústýru hans.
5. Biskupinn biður í brjefi 10. þ. m. um 15 kr. styrk handa Sigurlaugu Brynjólfsdóttur, sem er sveitlæg í Miðdalahreppi, og voru þær veittar.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson. Björn Jónsson. ~~[illegible]~~
Þórður Torfason

Á 1886 hinn 25 febrúar var fundur haldinn í fátækranefndinni og var þar fyrir tekið:

1.) Formaður lagði fram bréf Amtsins dagsett 15. þ. m. þar sem hann sendir til álita fátækranefndarinnar umkvörtun yfir því frá Oddi vinnumanni Helgasyni í Árabæ að honum af fátækranefndinni hafi verið synjað um leyfi til að setjast hér að í tómthúsmennsku á næstkomandi vori ásamt 3 fylgisnjólum. Nefndin íhugaði málið og komst að þeirri niðurstöðu að

að ekki ætti að veita Oddi hér bæjarleyfi, þareð nefndin þrátt fyrir þau vottorð, er fylgdu amtsbréfinu, en ekki getur álitið að Oddur í því bága árferði, sem nú er, geti haft hér ofan af fyrir sér

2. Bréf frá Þórði Jónssyni í Ráðagerði dags. 15. febr. þ.á. biður um meðgjöf 40 kr. á ári með gamalmenninu Þórði Ásbjarnarsyni. Var það samþykkt af nefndinni að greiða nefnda meðgjöf.

3. Formaður lagði fram bréf frá Sigurði Jónssyni í Móakoti dags. 1. þ.m. þarsem hann hafði beiðst að fá styrk úr fátækrasjóði 20 kr.; formaður gat þess að hann hefði ávísað honum 10 kr. og látið hann veðsetja bát sinn og lóð fátækrasjóðnum fyrir því sem hann þegar hefir þegið og framvegis kann að þiggja. Nefndin félst á þessar aðgerðir formannsins.

4. Formaður gat þess að Ólafur Gunnarsson bóndi á Litlafardi í Borgarfjarðarsýslu hefði í dag kallað eptir meðgjöf [með] Valdimar syni, er kaupmaður ~~Finnur~~ Finnsson í Borgarnesi hefði fyrir nokkrum árum átt með Gunnu uppeldisdóttur Jóns Guðnasonar á Seli, sem hér er sveitlæg, og hefði formaður látið hann fá 10 kr.

Fundi slitið

Eir. Jónasson G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1886, 11. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hefði með brjefi 11. f. m. sent sjer 150 kr. uppí skuld Helgafellssveitar til bæjarsjóðs Reykjavíkur, en hefði beðist fresti á gjaldi þess, sem eptir væri, og var samþykkt, að veita gjaldfrest á skuld þessari til 1. dags ágústmánaðar næsta sumar.
2. Í brjefi dags. 27. maí f. á. hafði Þórarinn Jónsson beðist tómthúsmennskuleyfis hjer í bænum (sjá fund 28. dag maím. f. á.), en nú skýrði formaður frá, að nefndur Þórarinn hefði sagt sjer, að hann væri hættur við þá fyrirætlun sína, að gjörast tómthúsmaður hjer í Reykjavík að sinni, og kallaði því aptur beiðni sína um leyfið.
3. Arngrímur Jónsson á Hrólfsskála biður í brjefi 2. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næstu fardögum, og var leyfið veitt.
4. Þá var lagður fram listi yfir þá menn, sem eigi höfðu borgað bæjargjald sitt, næstliðið ár, og skyldi fátækranefndin segja álit sitt um, hverja af þeim skyldi stryka út, með því að gjaldið fengist eigi hjá þeim. Nefndin ~~gekk~~ fór yfir listann, og gjörði athugasemdir sínar við hann.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen  H. Kr. Friðriksson.  G. Þórðarson  Björn Jónsson

Ólafur Ólafsson  Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886 fimmtudag 25. marz átti fátækra-
stjórnin fund með sjer.

1. Formaður gat þess, amtmaður hefði samþykkt neitun fátækrastjórnarinnar á bæjarleyfi fyrir Odd Helgason í Arabæ.
2. Jóni Oddssyni á Hausthúsum var neitað um bæjarleyfi; hann hafði ekki getað gefið frekari skýrslur um sig, sem nefndin hafði óskað í fundi 11. f. m., en játaði fátækt sína.
3. Jóni Eiríkssyni í Grímsstaðaholti var veitt bæjarleyfi, eptir beiðni hans í brjefi 20. jan.
4. Stefáni Jónssyni í Keflavík, áður í Þingvallasveit var veitt bæjarleyfi, eptir beiðni hans í brjefi 18. marz, og með meðmælum Jóns Kristjánssonar frá Skógarkoti.
5. Gunnari Ólafssyni frá Króki í Garðahverfi, var sömuleiðis veitt bæjarleyfi, eptir beiðni hans 20. marz, og með meðmælum prof. Þ. Böðvarssonar.
6. Jóni Guðmundssyni, bónda á Miðfelli, áður á Neðra-Hálsi, var veitt bæjarleyfi eptir beiðni 15. marz
7. Beiðni frá Margrjeti Skaptadóttur um ferðastyrk til systur sinnar í Ameríku var frestað til að leita nákvæmari skýringa um kostnaðinn.
8. Eptir beiðni frá Kristjáni Hróbjartssyni var ályktað að láta hann fá 6 kr. styrk á mánuði þ. á.
9. Einari Arasyni á Loptum skyldi að beiðni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans veittu 3 kr. húsaleigustyrk frá 1. maz þ. á.
með Páli Jóhannssyni og lysti hans.

Fundi slitið.

Ellr. Jónasson
Björn Jónsson. G. Þórðarson Ólafur Ólafsson

Ár 1886, föstudaginn 16. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Margrjetu Skaptadóttur voru veittar 150 kr. hjálp til að komast til Ameríku gegn endurgjaldi, þar sem ættingjar hennar hefðu óskað eptir henni. ~~M.~~ Fridriksson gat eigi verið samdóma þessari veitingu, og mótmælti henni.
2. Formaður lagði fram reikning frá Þorláki Magnússyni beyki, 26 kr. 84 a., fyrir óborgaða húsaleigu, og var reikningurinn ávísaður, sbr. fund 16. maim. 1885.
3. ávísaðir nokkrum reikningum fyrir hjálp til fátæklinga.

Fundi slitið.

Ellr. Jónasson. ~~M.~~ Fridriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson. Ólafur Ólafsson

Ár 1886, fimmtudag 13. maí átti fátækranefndin fund með sjer.

×1. Út af húsaleigustyrksbeiðni frá Þorláki Magnússyni beyki var honum veittur 40 kr. styrkur nú sem er, frá 14. maí, eins og áður.
–2. Jóhannesi Jónssyni smiði var skuldin greidda

að beiðni hans 4% vöxtu af 400 kr. viðskuld
í bæ Jóns Ásmundssonar í Grjótabæ, alls 16 kr. næsta
ár, svo sem í húsaleigustyrksbeygni handa Jóni,
er ella mundi vígstur þessa húsnæði.

3. Hólmfríði Magnúsdóttur var veittur
16 kr. húsaleigustyrkur, eptir beiðni hennar í
brjefi sandagens.

4. Þórði Pjeturssyni í Oddgeirsbæ var að
beiðni hans veittur 30 kr. styrkur með þilfs-
inum Símboga Egilssyni fyrir tímabilið frá
Sept. 1885 til marzloka 1886, og lofar hann að
gera ekki frekari meðlagskröfur eptir liðið að
öllu óbreyttu (brjef 12. maí).

5. Gísli Björnsson á Bakka afsegir að halda
lengur Jórunni Jónsdóttur. Fátækranefndin var
falið að koma henni fyrir með sem vægustum
kjörum, annaðhvort hjá Gísla eða öðrum, að
áskilda samþykki nefndarinnar.

6. Halldóru Árnadóttur, konu Eiríks Ásmundssonar,
var út af beiðni hennar í brjefi 5. maí veittur
10 kr. meðlagsstyrkur með börnum hennar á mánuði
frá 14. maí til 14. oktbr., en húsaleigustyrkur skyldi
niður falla.

7. Guðrúnu Steinsdóttur í Hlíðarhúsastíg var
veitt 20 kr. viðbót við áður veitta 40 kr. meðgjöf fyrir
útlíðandi Krossnesmann með barni Kristjáns
nokkurs (af Kjalarnesi?), er á hefir breiðsið hans
meðlag, og skyldi óbyggjast henni fella með gjöf
úr fátækrasjóði næsta Krossmessu ár.

8. Bergi Magnússyni frá Laugarnesi var eptir beiðni hans
í brjefi 1. maí veitt bæjarlagt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Bæjarleyfisbeiðni frá Ásgrími Gunnarssyni var frestað til frekari upplýsinga.

10. Lánbeiðni frá Jóhannesi Guðmundssyni frá Egilsstöðum pl. á Breiðholti
X í Flóa var neitað að svo komnu vegna fátæktar hans og ókunnugleika um hagi hans að öðru leyti.

11. Páli Jóhannssyni á Tóttum var synjað ferðastyrks til Ameríku (brjef 12. maí).

Fundi slitið.

Jón Jensson settur | Björn Jónsson | G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson | Þórður Torfason

Ár 1886, fimmtudaginn 27. dag maímánaðar, átti fátækrastjórnin fund með sjer.

1. Í brjefi, dags. 9. þ. m., biður Einar Arason á Toptum um, að dóttur sinni Málfríði, ekkju Guðmundar heitins Vesturssonar, verði veitt fullt meðlag með 2 börnum hennar; en ákveðið var að semja við Einar um þetta mál, og reyna hvort hann vildi eigi gjöra sig ánægðan með 100-120 kr.

2. Þórður Jónsson í Gróttu kveðst eigi munda halda Henrik Árnasyni fyrir minna en 2 kr. um viku hverja. Ákveðið var, að reyna fyrir sjer, hvort eigi væri hægt að koma honum fyrir hjá öðrum fyrir minna verð.

3. Samþykkt var að gefa 100 kr. með Jórunni Jónsdóttur, sem Ólafur Ólafsson hafði komið fyrir hjá Árna Grímssyni á Bakka. frá 1. júní þ. á.

4. Í brjefi 19. þ. m. biður hinn fyrverandi bæjarfógeti um, að sjer verði borgaðar 33 kr. úr fátækrasjóði, sem hann hefði ~~[illegible]~~ látið Ingibjörgu frá Laxfossi á veturinn 1885, gegn endurgjaldi af

Staðhólsstaðarhrepps; en hinn fyrverandi fógeti hafði látið þessar 33 kr. frá sjálfum sjer. Nefndin þóttist eigi geta samþykkt þessa beiðni, en vildi gjarnan styðja að því, að hinn fyrverandi fógeti fengi peninga sína endurgoldna.

5. Magnús Einarsson á Bjargi við Klapparstíg biður um leyfi fátækranefndarinnar, að mega selja nefndan bæ sinn undir hendinni fyrir 650 kr.; en enda þótt bær þessi væri veðsettur bæjarsjóð fyrir veittan fátækrastyrk með 3. veðrjetti, þótti nefndinni eigi ráðlegt að heimta uppboð á bænum, með því að hann mundi naumast seljast meira en boðið var.

6. Í brjefi dags. 26. þ.m. biður Árni Jónsson frá Miklaholtshelli í Flóa um tómthúsmennskuleyfi; og var leyfið veitt.

7. Í brjefi dags. 27. apríl biður Jón Magnússon í Narfakoti í Njarðvíkum um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

8. Sveinbjörn Ólafsson í Melshúsum hjer í Reykjavík biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, að minnsta kosti um eitt ár. En nefndin gat eigi veitt það leyfi eptir því sem á stóð fyrir beiðandanum.

Fundi slitið

Jón Jensson
sttur

G. Þórðarson

H. Kr. Friðriksson.

Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886 fimmtudag 10. júní var fundur haldinn í fátækrastjórninni:

1. Samþykkt ~~var~~, ~~að~~ koma skyldi Gr. Hinrik Ásmundsyni fyrir hjá Guðjóni Einarssyni í Grímsstaðaholti fyrir 65 kr. um árið frá 1. þ. m.
2. Sömuleiðis var samþykkt, að Einar Arason á Tóftum fengi fullt meðlag úr fátækrasjóði með 2 dótturbörnum sínum, börnum Guðmundu heitinnar Vestmann, 80 kr. með hvoru frá 14. maí þ. á.; en móðurina, Málfríði, og 1 barnið hefðu hann meðgjafarlaust (mállaust barn).
3. Guðmundur Ásmundsson í Hákoti skyldi fá 30 kr. húsaleigustyrk með Brynjólfi Eiríkssyni fyrir krossmessu-árið 1886/87, en 15 kr. alls fyrir tímabilið frá 1. jan. til 14. maí 1886.
4. Einari Eiríkssyni í Sveinskoti var veitt 8 kr. þóknun í kennslukostnað fyrir Frímann Sigurðsson í skript og reikningi.
5. Tómthúsmannsleyfi í bænum var veitt Ásgrími Gunnarssyni eptir ítrekaðri beiðni hans (sbr. fund 13. maí þ. á.) og samkvæmt nýjum upplýsingum frá bróður hans Gunnari Gunnarssyni og fátækrastjóranum.

Fundi slitið.

Jón Jensson
settur

Björn Jónsson G. Þórðarson Ólafur Ólafsson

Ár 1886 fimmtudag 24. júní var enginn fundur haldinn í fátækrastjórninni, af því að ekki kom aðrir á fund en formaður og Guðm. Þórðarson. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

302

Ár 1886, föstudaginn 9. dag júlímánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að hann eptir umtali við ýmsa nefndarmenn hefði greitt um 70? kr. til flutnings P. Levinsen til Ameríku, sem á hefði vantað, ~~upp~~ að samskotin ~~hefðu nægt~~ bæjarbúa hefðu nægt til þessa.
2. Ráðhildi ~~Jónsdóttur~~ Jónsdóttur var komið fyrir hjá Pjetri Gíslasyni fyrir 120 kr. um árið, þegar dóttir hennar og barn hennar væri flutt, sem enn væri eigi gjört vegna veikinda barnsins; en dóttirin ætti heima í Bessastaðahreppi. NB dóttirin flutt 12/7 86
3. Hans Jónssyni í Grímsbæ voru veittar 20 kr. upp í meðlag með börnum sínum.
4. Hermanni ~~Eyvarssyni~~ Guðmundssyni voru veittar 5 kr. um mánuð hvern með barni þeirra Þórdísar, svo framarlega sem faðirinn geti eigi borgað meðgjöfina. — (Sigríðar Jónsdóttur)
5. Ákveðið var, að veita Margrjetu Pálsdóttur 10 kr. um mánuð hvern, þar sem hún ætti fyrir 3 börnum að sjá.
6. Málfríði Guðbrandsdóttur var heitinn styrkur eins og áður, þó eigi meiri en svo, að næmi 30 kr. um árið.
7. Rannveigu Eilífsdóttur voru heitnar 2 kr. um mánuðinn frá 1. ág. þ. á., í viðbót við þær 3 kr., sem hún hefur áður fengið, eða 5 kr. alls.
8. Kristín Guðmundsdóttir biður, í brjefi 3. þ. m. að fá bæ sinn til eignar, eða að öðrum kosti, að nefndin tæki dótturbarn hennar á sína vegu og kostnað, og hrekti við kotið. Ákveðið var, að svara henni því, að hún

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjálp
mætti hafa (afnot) af honum svo lengi sem
hún lifði, og jafnframt halda honum við á
sinn kostnað, svo að lifandi sje í honum.

9. Magnús Magnússon í Lambhól segist í brjefi
dags. 5. þ. m. eigi geta haldið lengur Sigríði Þor-
kelsdóttur; var því ákveðið, að koma henni
fyrir á öðrum stað.

10. Sigrún Guðlaugsdóttir í Helgabæ biður um 20 kr.
árlegan styrk í húsaleigu, og var það veitt fyrir yfir-
standandi krossmessu-ár.

11. Steindór prestur Briem biður um leyfi handa
Guðrúnu Ásmundsdóttur til að vera hjer í bænum,
en ákveðið var að svara því, að fátækranefndin
vildi engan veg eða vanda af henni hafa, en
mundi með því móti eigi hafa á móti því, að
hún væri hjer.

12. Magnús Hjörtsson á Melshúsum biður í brjefi
28. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum.
Beiðni var neitað vegna efnaleysis.

Fundi slitið.

Jón Jensson
settur

~~H. Kr.~~ Friðriksson.

Björn Jónsson. G. Þórðarson Ólafur Ólafsson

Ár 1886, fimmtudaginn 12. dag ágústmánaðar, átti
fátækrastjórnin fund með sjer.

1. Formaður skýrði frá, að hann hefði verið krafinn
um þær 250 kr., sem Jóhanni Ringsted voru
lofaðar á fundi 28. maí f. á., og mundi
hann annast um greiðslu þeirra þar nú í
mánuðinum.

2. Í brjefi 28. júlí þ. á. óskaði Kristín Guðmundsdóttir
í Hólakoti, bón sína um fullan eignarrjett
á bæ sínum, en ákveðið var, að það skyldi standa, við
ákvörðun fátækrastjórnarinnar, en hún skyldi eiga

kosta á að láta vinda beinum nú þegar, og fá það endurgoldið, er barninu yrði betri, er hinn ætlaði honum af sjer.

2. Ívar Þórðarson biður í brjefi 19. þ. m. um ýmislegt fót; en því var frestað, þangað til ????? gefist að útvega honum þessi föt.

3. Í brjefi 9. þ. m. biður Ingunn Sigvaldadóttir um 200 kr. til að kaupa til Vesturheims gegn veði í hári sínu. En fátækranefndin sá sjer eigi fært að veita þetta lán; en taldi líklegt, að hún mundi geta fengið þetta lán annarstaðar, ef hárið væri óveðsett.

4. Lýði Magnússyni voru veittar tals 5 kr. um mánuðinn.

5. Árna Kristjánssyni var veittur styrkur eptir þörfum.

6. Út úr beiðni Hans Jónssonar um að taka 3 börn sín á fátækrasjóð, var formanni falið að ráða fram úr því til næsta fundar.

Fundi slitið

Jón Jensson

HKr Friðriksson. G. Þórðarson *settur*

Þórður Jarlsson Ólafur Ólafsson

Ár 1886, fimmtudaginn 26. ágúst m. átti að vera fundur í fátækranefndinni, en af því að eigi mættu aðrir en formaður og Guðmundur Þórðarson varð eigi af fundi í það skipti.

Jón Jensson

G. Þórðarson *settur*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886, fimmtudaginn 9. dag septembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður lagði fram skýrslu Gísla Guðmundssonar frá Egilsstöðum í Flóa um hagi bróður hans Jóhannesar (sjá fund 13/5 – 86); en þessi skýrsla var talin ósönn, og Jóhannesi því-enn neitað um tómthúsmannsleyfi. Tilkynnt

2. Þá var lagt fram brjef frá Rakel Magnúsdóttur 1. þ. m. um húsaleigu og matbjörg. Hún er ekkja Hjörts heitins fyrrum á Hvaleyri. Var afráðið að komast eptir, hvar hún á sveitfesti, líklega í Árnessýslu, Hraungerðishrepp?

3. Louise Henrietta Ahrenz biður í brjefi 27. f. m. um 2 kr. mánaðarlega, þar sem hún hafi ekkert sjer til bjargar. Ákveðið að leita um sveitfesti manns hennar Sigurðar Þorvarðar.

4. Í brjefi 8. þ. m. biður Guðrún Jónsdóttir um 24 kr. til endurgjalds áfallinni húsaleigu. En nefndin gat eigi veitt þenna húsaleigu.

5. Kristín Ásbjarnardóttir biður í brjefi 23. dag f. m. um 6 kr. mánaðarlegan styrk; og var henni veittar 5 kr. um mánuðinn.

6. Guðríður Þorsteinsdóttir biður um lán, um 20 kr., gegn endurgjaldi af Leiðvallahreppi; en ákveðið var að neita henni um lánið, en reyna að koma henni á sína sveit.

7. Ólafur Björnsson biður í brjefi 24. f. m. um að koma fyrir drengnum Guðmundi Magnússyni, 14 ára, sem hefur verið hjá honum síðan 1. júlí þ. ár., en býðst til þess, að taka drenginn til næstu krossmessu fyrir hálfa meðgjöf þangað til frá 1. júlí þ. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákveðið að rannsaka málið, og verði drengurinn óferndur, þá að ganga að meðgjöfinni með drengnum.

8. ákveðið að koma fyrir 2 börnum Hans Jónssonar í Grímsbæ gegn meðgjöf úr fátækrasjóð.

9. Steinunn Jónsdóttir á Vegamótum biður um 2 kr. styrk til húsaleigu. Rannsaka skal hag hennar. Hún er ekkja Þorkels Magnússonar á Vindheimi. Skrifa við manninn með kommagjöf fyrir 1 kanna

10. Í brjefi dags. 6. þ.m. biður Gísli Þorkelsson í Hólakoti, að fátækranefndin vildi sjá um, að Pjetur Ámundason flytti burt úr bænum, eða Pjetur fengi sjerstakan útgöngulevfi. En fátækranefndin gat eigi sinnt þessu brjefi að neinu.

11. Andrjes Vigfússon á Tröð í Seltjarnarnesi biður í brjefi dagsettu 7. ágúst um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum nú þegar. Málinu frestað.

12. Í brjefi 30. f.m. biður Finnur Finnsson fyrrum kaupmaður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, en honum var neitað sem bláfátækum manni. Tilkynnt

13. Í brjefi 8. þ.m. endurnýjar Ingunn Sigvaldadóttir beiðni sína um lán, en nefndin ákvað að ritja skyldi við hið áður ákveðna.

14. Hans Stephensen á Hverdarbaka hafði boðist til að halda Símoníu Ingimundardóttur fyrir 40 kr. ~~þetta~~ til næstu júlímánaðar, og var það samþykkt.

Fundi slitið.

H. Kr. Friðriksson Jón Jensson Björn Jónsson
G. Þórðarson Ólafur Ólafsson Þórður Thorgrímsen

+

Ár 1886, fimmtudaginn 23. dag septembermánaðar átti fátækranefndin fund með sjer, ásamt dómkirkjuprestinum.

1. Var þá rætt um, hver börn nefndin ætti að stinga upp á að fengju styrk úr Thorkillii sjóði, og voru það þessi börn.

| | |
|---|---|
| ~~1. Henrik Bjering þorláksson~~ | ~~20 kr.~~ |
| 2. Guðný Hermannsdóttir (f. 4/5-75) | 20 |
| 3. Sigurður Júlíus Jörgensson (14 ára) | 20 |
| 4. Margrjet Egilsdóttir (f. 5/7-75) | 20 |
| 5. Haraldur Guðnason (11 ára) | 20 |
| 6. Lúðvík Árni Hafliðason (f. 18/5-73) | 20 |
| 7. Guðríður Hafliðadóttir (f. 24/8-74) | 20 |
| 8. Jón Jakobsson (f. 20/12-72) | 20 |
| 9. Halldór Steinsen (14 ára | 20 |
| ~~10. Gróa Björnsdóttir~~ | |
| 10. Björg Sigurðardóttir (f. 3/3-73) | 20 |
| 11. Kristinn Jónsson (13 ára) | 20 |
| 12. María Eyvindardóttir (12 ára) | 20 |
| 13. Anna Lovísa Steinsen (f. 23/10-76) ~~Þorvaldur Magnússon (f. 15/4-75)~~ | 20 |
| 14. Elín Magnúsdóttir (f. 17/8-76 | 20 |
| 15. Sigríður Nicol. Siemsen (13 ára) | 20 |
| 16. Gunnlaugur Sigurðsson (10 ára) | 20 |
| 17. Stefanía Gróa Gísladóttir (10 ára) | 20 |
| 18. Kristín Katrín Þorsteinsdóttir (1/6-76) | 20 |
| 19. Gísli Guðmundsson frá Brekkub. (11 ár) | 20 |
| 20. Katrín Elísabet Hafliðadóttir (26/2-76) | 20 |
| 21. Sigríður Jónsdóttir í Dúkskot (f. 13/3-73) | 20 |
| 22. Jón Eyvindsson í Hala (4/4-75) | 20 |
| 23. Júlíana Guðr. Guðf. Guðnadóttir (f. 3/7-77) | 20 |
| 24. Ari Antonsson á Vindheimum (7/7-74) | 20 |
| | 480 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt. 480 kr
25. Magnús Guðmundsson (f. 24/1-75) . . 20—
26. Björg Björnsdóttir (Nara) — 20—
~~27 Ingimundur Jónsson~~
27. Guðný Jónsd. á Meyrarh. (f. 16/7-75) — 20—
~~28. Sigurður Sigurðarson (fangavörð) (f. 9/1-75)~~ Ingimundur Guðmundsson (f. 24/10-76) — 20—
~~29. Jón Sigurðsson (fangav.) (12/11-76)~~ Ingimundur Jónsson (frá Dúkskoti) ~~— 20—~~
Samt. 580 kr.

en þá er ólegssh hinn fyrrita, Hinrik Bjering Þorláksyni.

2. Því næst var tekin til umræðu áætlun fátækranefndarinnar fyrir árið 1887

1. Tekjur voru áætlaðar:

| | |
|---|---|
| a/ Af skuldabrjefum | 36 kr |
| b. Tekjur af fasteignum | 20— |
| c. Tekjur af tíund | 180— |
| d. Sektir til fátækrasjóðs | 100— |
| e. Hundaskattur | 32— |
| f. Óvissar tekjur, þar á meðal endurgjald frá öðrum sveitum | 600— |
| Samtals | 988 kr |

Gjöld.

| | |
|---|---|
| a. Til fastra ómaga | 5800 kr |
| b. — þurfamanna . . | 2500— |
| c. — vitskola | 950. |
| d. — greptrunar ómaga | 150. |
| e. — løgflutnings þurfamanna . | 80. |
| f. — fátækralyfja | 100. |
| g — Óviss gjöld (klammaraveita | 800. |
| | 10,380 |

verður þá munurinn á tekjum og gjöldum fátækrasjóðsins 9,392 kr.

+3. Í brjefi 15. þ.m. biður Ólafur Guðlaugsson í Hlíðarhúsum um 10 kr. styrk á mánuði. Ákveðið var, að veita honum hinn umbeðna styrk.

+4. Guðrún Þorgrímsdóttir biður um 80 kr auk húsaleigu; en afráðið var, að láta hana fá 8 kr. á mánuði eða alls 96 kr. að húsaleigunni meðtalinni.

+5. Torfi Vigfússon biður um meðgjöf með barninu Sigríði Pálsdóttur fyrir 2 3/4 ár, að frádregnum 20 kr. En fátækranefndin gat eigi orðið við þeirri áskorun, þar hún hefði eigi komið barni þessu fyrir hjá honum.

+6. Sveinn Ólafsson biður um húsaleigu fyrir Guðbjörgu Oddsdóttur, og nefndin samþykkti það, að borga þessa húsaleigu.

+7. Í brjefi dags. 6. þ.m. biður hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi um styrk handa Magnúsi Guðnasyni, sem er sveitlægur hjer. Ákveðið var, að veita honum þá hjálp, sem hann þyrfti, þá er hann beiddist.

8. Þorlákur í Varmadal biður um 50 kr. meðlag með Kristjáni Kristjánssyni. Ákveðið var að fresta málinu, og leita skýringar á því.

+9. Hans Jónsson í Grímsbæ biður um, að hann mætti halda öllum börnum sínum, þannig, að hann fengi 160 kr. með þeim. Ákveðið var, að veita honum þessa bón núna fyrst um tíma til reynslu.

10. Brynjólfur Eiríksson biður um húsaleigustyrk; en það mál var þegar áður afgjört.

+11. Guðbjörg Guðmundsdóttir biður um mjólk handa sjer og styrkjandi fæðu; en nefndin gat eigi sinnt því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Ragnheiður Einarsdóttir biður um styrk tillaus upp í meðlag með barni sínu frá Árna Jónssyni í Þorlákshöfn; ákveðið var að leysa henni svo sem 10 kr.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Friðriksson
Ólafur Ólafsson
G. Þórðarson. Hallgr. Sveinsson.

Ár 1886, fimmtudaginn 14. dag októbermán. átti fátækranefndin fund með sjer.

+1. Í brjefi 11. þ. biður Þorkell Sigurðsson í Sandagerði um styrk. ákveðið, að veita honum fyrst um sinn á mánuði, svo sem svaraði ómagameðgjöf 6 kr. 66 a.

+2. Lýður Magnússon biður, í brjefi 12. þ. m. um aukinn styrk. en honum var neitað; en ákveðið, að hann síðar gæti fengið eitthvað, ef hann þá þyrfti þess og bæri sig fram.

+3. Dorothea Jónsdóttir biður, í brjefi 12. þ. m. biður um 24 kr. í húsaleigustyrk. og var henni veittar 2 kr. um mánuðinn til næstu krossmessu.

+4. Sigurbjörg Guðmundsdóttir biður, í brjefi dags. í gær um áfallna húsaleigu 6 kr., og 2 kr. um mánuðinn fram vegis. Voru henni veittar þaðan 2 kr. um mánuðinn framvegis í húsaleigu, og 3 kr. að auki; en áfallna húsaleigu gat nefndin eigi veitt.

+5. Halldóra Árnadóttir biður, í brjefi 12. þ. m. um 10 kr. mánaðarlegan styrk, og var það veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+6. Guðrún Sigurðardóttir í Nýjabæ biður um mánaðarlegan ákveðinn styrk með syni sínum Guðmundi Matthíassyni, og var það veitt. sama upphæðin og áður, ávísuð hjá gjaldkera í eitt skipti fyrir öll. 5kr

7. Jón Arnljótsson biður í brjefi dags. í dag um leyfi til að reisa torf á bæ sínum. Honum var vísað til bæjarstjórnarinnar og útvísunar Guðmundar vaktara.

+8. Sveinn Ólafsson biður í brjefi 10. þ.m. um húsaleigu fyrir Guðbjörgu Oddsdóttur um 6 liðna mánuði. Nefndin gat eigi veitt þá bæn.

+9. Markús Þórðarson biður í brjefi 12. þ.m. um aukinn styrk með Sigríði Þorkelsdóttur, svo að það verði 7 Kr. um mánuðinn, og var það veitt.

+10. Bjarni Oddsson biður í brjefi 21. sept. um 22 Kr. 50 a. fyrir Salvöru sinni konu sína, sem hann hafi gefið út ~~fr~~ í meðgjöf með barni hennar. Fátækranefndin gat eigi neitt gjört við málið að sinni; með því að henni var ókunnugt um málið.

+11. Sveinn Ingimundarson á Seli biður í brjefi 24. f.m. um meðgjöf með Bjarna Þórðarsyni; en því var neitað að sinni; með því að nefndin varð að telja Bjarna niðurráðið hjá Sveini.

+12. Guðjón Einarsson biður um aukinn styrk með Hinriki Árnasyni með 104 Kr. um ~~mánuðinn~~ árið; en ákveðið var, að reyna heldur til, að koma Hinriki ~~heldur~~ fyrir.

+13. Jóhann Heilmann biður í ~~bajarbr~~ brjefi í dag um lopt í bænum, sem hann býr í. Og var það veitt, og Ólafi falið á hendur að gjöra það.

+14. Jón Björnsson í Sauðagerði biður um 30 Kr. styrk, og var það veitt þannig, að hann skyldi fá 15 Kr. núna fyrst um sinn; en hjálpa honum síðar eptir mætti og mætti um aðrar 15 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ 15. ~~Í brjefi~~ Einar Eiríksson í Hvararkoti
biður um hálfa meðgjöf næsta vetur
með Frímanni Sigurðssyni; en afráðið
var að fela fógeta á hendur að semja
við Einar um meðgjöfina

16. Formaður bar upp þá uppástungu, að semja
við einhvern kaupmann um vörur
þær, sem þurfamönnunum verði ávís-
aðar, og var samþykkt, að auglýsa það í blöðunum

+ 17. Hreppsnefndin í Bessastaðahreppi biður
í brjefi 2. þ.m. um leyfi handa Soffíu
Þorsteinsdóttur að dvelja hjer í bænum
í vetur; því var neitað, og ákveðið að flytja hana
sem allrafyrst.

18. Gísli Nikulásson biður í brjefi 6. þ.m.
um leyfi til að setjast að hjer í bænum
frá nýári. Málinu var frestað, til að
leita upplýsinga um málið.

til kynnt 19. Sigríður Nikulásdóttir biður um
tómthúsmannsskuleyfi hjer í bænum
til næsta vors með 2 börnum sínum.
Bóninni var neitað.

+ 20. Einar Einarsson frá Kleppi biður í brjefi
13. þ.m. um tómthúsmannsskuleyfi
hjer í bænum. Leyfið var veitt.

+ 21. Árni Nikulásson frá Efra-Hvoli í Holta-
hrepp biður í brjefi 5. þ. um tómt-
húsmannsskuleyfi hjer í bænum.
Bónin var veitt.

22. Í brjefi 11. þ.m. biður Sigurður Johannes-
son, nú í Skuld, ~~hans~~ tómthúsmanns-
leyfi hjer í bænum. Málinu var frestað
að þessu sinni; en ákveðið, að flytja hann
sem allrafyrst, ef það sannaðist, að hann
sökum fátæktar hafi verið fluttur burtu
í vor úr Vatnsleysustrandarhreppi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+23. Hermann Guðmundsson á Klapparstíg biður í brjefi 9. októbernm. um tomthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

24. Þórarinn Jónsson biður í brjefi 4. þ. m. um tomthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar til að leita upplýsinga um [illegible].

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~M. Friðriksson~~. Björn Jónsson.
Þórður Torfason ~~Ólafur~~ Ólafsson

Ár 1886, 28. okt. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Ingibjörg Guðmundsdóttir (í Steinarshúsi við Klapparstíg) biður um húsaleigustyrk 2 kr. á mánuði frá næstliðnu vori og framvegis. Samþykkt var að veita henni 2 kr. á mánuði frá byrjun næsta mánaðar til krossmessu.
2. Þorsteinn Jónsson frá Holti í Garði biður í brjefi 19. þ. m. um meðlag með barni sínu, sem hann hafi átt með Salvöru Sigurðardóttur um vorið 1883. Ákveðið, að leita upplýsingar um það, hvort Salvör þessi væri sveitlæg hjer, og ef svo væri, þá að veita beiðandanum þriðjung meðlagsins, eða 26 kr. 66 a.
3. Guðm. Einarsson á Bala vill fá 20 kr. viðbót við meðlag með Ingiríði Einarsdóttur, eða alls 60 kr., og var það veitt frá 1. degi janúarm. 1887.
4. Málfríður Guðbrandsdóttir biður í brjefi 28. dag októbernm. um hjálp af fátækrasjóði; og var því heitið eptir þörfum (svo sem 3 kr. um mánuðinn).
5. Sveinn Ingimundarson segir í brjefi 27. þ. m., að hann hafi alls eigi viljað Bjarna Þórðarson til sín, og kveðst annars munda heimta borgun með honum fyrir hvern dag frá 1. degi næsta mánaðar. Ákveðið var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að semja við Sveinn um meðgjöfina og var það falið Ólafi Ólafssyni á Lundi.

6. Magnús Jónsson í Kaplaskjóli biður í brjefi 26. þ. m. um styrk handa sjer. Ákveðið var að rannsaka málið.

7. Torfi Vigfússon í Hafnarfirði skýrir í brjefi 25. þ. m., að hann finni eigi ástæður fátækranefndarinnar gildar fyrir neitun um meðgjöf með barni Sigríðar Pálsdóttur. Ákveðið var að veita honum meðgjöf með barni þessu frá 1. degi októberm. þ. á., 80 kr. um árið.

8. Jens Jóhannesson biður um lán úr fátækrasjóði, 60–70 kr.; en því var neitað.

9. Sigríður Guðmundsdóttir á Ofanleiti vill fá hjálp; og var það veitt, gegn því, að Sigurður í Ásardal greiddi skuld sína til hennar.

10. Um meðlag með Kristjáni Kristjánssyni til Þorláks í Varmadal (sjá fund. 26. f. m.) var ákveðið, að semja við Þorlák.

11. Einar í Þverárkoti hefur lofað að halda Friðsamn Sigurðsson til næstu krossmessu fyrir 3 kr. um mánuðinn frá 1. d. júlím. þ. á.

12. ~~Í brjefi~~ Um Gísla Nikulásson (sjá næsta fund á undan) var ákveðið að veita honum bæjarleyfi.

13. Þórarni Jónssyni (sjá næsta fund á undan) var veitt bæjarleyfi.

14. Sigurði Jóhannessyni (sjá næsta fund á undan) nú í Skuldsviðvíkjandi var ákveðið, að veita honum bæjarleyfi, svo framarlega sem það reyndist, að ástæður hans væru viðunanlegar, en annars neita honum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Þorkell Þorkelsson í Pálsbæ biður í brjefi 25. þ. m. um tómthúsmannsskatt eptir hjer í bænum um eitt ár. En því var synjað að þessu sinni.

16. Formaður lagði fram reikning frá kaupmanni J. O. V. Jónssyni að upphæð 125 kr. 90 a. og var reikningurinn samþykktur.

17. Þá lagði formaður fram tilboð frá ýmsum kaupmönnum, 6 að tölu, og Jensen bakara um vörur handa þurfamönnum. Samþykkt var að ganga að boðum verzlunarhússins L. Hansens, þó svo, að hann selji kaffi og sykur við nokkru lægra verði, en hann hafði áskilið.

18. Guðmundi Þórðarsyni var heitin meðgjöf með Arna Jónssyni, 10 kr. um mánuð hvern, frá krossmessu í vor til næstu krossmessu.

Fundi slitið
Halldór Daníelsson. ~~Friðriksson~~ Ól. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Þórður Torfason

Ár 1886 11. d. nóvembermánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Jón Þorsteinsson í Holti heimtar í brjefi 9. þ. m. meðgjöf að móðurinnar parti með barni Salvarar Sigurðardóttur fyrir 3½ umliðin ár, 20 kr. fyrir hvert ár. Ákveðið var að standa skyldi við það sem afráðið var á síðasta fundi um meðlag með barni þessu, þannig að fátækrasjóðir greiddi 26 kr. 66 a. árlega með barninu.

2. Sigurður Eiríksson í Hlíðarhúsum 8. þ. m. biður bréflega um styrk til að bjargast. Nefndin ákvað að lána honum í bráðina til næsta sumars 12 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Dómkirkjupresturinn mætti á fundinum og bar upp dóttur Jóns Arnljótssonar á 13. ári, Valgerði að nafni, mjög tregáfaða, til kenslu utan heimilis hjá Þorsteini Narfasyni, á kostnað fátækrasjóðs í 2 mánuði til reynslu fyrst um sinn, og skyldi kenslukaupið vera 5 kr. á mánuði. Nefndin samþykkti þessa ráðstöfun.

4. Sigurður Jónsson í Móakoti biður í bjefi 10. þ.m. um 100 kr lán eða 20 kr. styrk á mánuði í vetur. Nefndin ákvað að veita honum 70 kr. lán gegn veði í búi hans, 20 kr. í peningum, en 50 kr. [illegible] með nauðsynlegu veði.

5. Steindór Jónsson í Klapparstíg biður í bjefi 10. þ.m. um ógoldið meðlag með drengnum Pjetri Pálssyni fyrir mánuðina ~~apríl~~, maí og júní, samtals 20 kr., og nokkuð af sængurfötum, þangað til drengurinn fær [illegible] á [illegible] tíma. Nefndin ákvað að greiða þetta gegn væntanlegu endurgjaldi frá drengnum.

6. Guðrún Jónsdóttir í Eiðsbúðum (í Rvík) biður í bjefi 3. þ.m. um styrk, sem svaraði húsaleigu, eða 30-40 kr. Nefndin veitti henni 2 kr. styrk um mánuðinn frá 1. þ.m.

7. Hinrik Árnason biður í bjefi 9. þ.m. um styrk til að eignast klæðnaði eða þá að fá annan samastað en hann nú hefir, hjá Guðjóni Einarssyni. Málinu frestað til nánari upplýsinga.

8. Helgi Teitsson vill fá 10 kr. meðgjöf með Rakel Magnúsdóttur frá 1. þ.m., og var það veitt gegn endurgjaldi af sveit hennar.

9. Jón í Lindarbæ vill fá 25 kr. í húsaleigu með Ívari Jónssyni þetta fyrir liðinn tíma. Málinu frestað fyrst um sinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Einar Magnússon í Skólabænum biður um styrk. Nefndin ákvað honum 5 kr. styrk á mánuði í vetur.

11. Nefndin ályktaði að borga Knudtzensverslun 20 kr. skuld, er fyrv. formaður fátækranefndarinnar hefði ábyrgzt fyrir hann í fyrra vetur.

12. Einar Alexíusson biður í brjefi 4. þ.m. um bæjarleyfi, en nefndin synjaði þess að svo stöddu, með því að hann væri alveg fjelaus.

13. Guðm. Þorsteinsson frá Arnarbæli í Grímsnesi beiddi ítrekaði um tómthúsmannsleyfi í brjefi 3. þ.m., en þess var synjað, með því að nefndin vissi engin deili á honum.

14. Sigurði Jóhannssyni (nr. 14 á næsta fundi á undan) var neitað um bæjarleyfi, með því að fátækrafull-trúarnir [illegible] ástæður hans síður en eigi viðunanlegar.

15. Ívar Jónatansson á Seli vill fá 5 kr. meðlag á mánuði með Maríu Bjarnadóttur (Sigurbjargar-dóttur) frá 1. þ.m. til krossmessu, og var það veitt.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson Björn Jónsson G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Torfason Hallgr. Sveinsson

Ár 1886, fimmtudaginn 25. dag nóvembermánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Bar formaður undir fátækranefndina, hvort hún vildi kannast við 1° að Jens Jafetsson væri sveitlægur hjer, og samþykkti nefndin það. 2° að Anna Jakobsdóttir, barnsmóðir Frims kaupmanns Frimannsens, væri hjer sveitlæg, og kannaðist nefndin og við það.

2. Í brjefi dags. 25. þ. m. biður Elía Sigmundardóttir um 2 Kr. styrk um mánuðinn auk húsaleigustyrks, sem hún hefur hingað til fengið, og var það veitt.
3. Stefán Stefánsson á Miðbýli biður um fátækrastyrk í brjefi 17. þ. m.; hann hefur þegar fengið 10 kr., og mun honum verða veittur styrkur eptir þörfum.
4. Í brjefi dags. í dag biður Níels Eyjólfsson á Klöpp um 40 Kr. meðlagsuppbót með Halldóru Guðmundsdóttur í þau 4 ár, sem hann hefi haldið hana. Með því nefndin gat eigi gat eigi borgað fyrir umliðinn tíma, þá rjeð nefndin af, að veita honum 50 Kr. með henni (þetta ár) til næstu krossmessu, er borga mætti út nú þegar.
5. Sveinn Bjarnason í Sauðagerði sendir reikning upp á 12 Kr. fyrir húsaleigu fyrir Pjetur Illugason. Málinu frestað, unz búið væri að semja við Sveitar um málið, og var Guðmundi Þórðarsyni falið það mál á hendur.
6. Henriki Árnasyni var komið fyrir hjá Guðjóni Einarsyni á Grímsstöðum
× gegn 75 kr. árlegu meðlagi.
7. Páll Hafliðason biður í brjefi dags. í dag um ~~um~~ húsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það leyft.
8. Ákveðið: að yfirheyra Þorvarðar Sigurðsonar á Ofanleiti, manns Louisu Ahrenz.
9. Guðmundi Þórðarsyni og Ólafi Ólafssyni falið að ráðstafa Bjarna Þórðarsyni.

Fundi slitið.

Hannes Daníelsson. ~~H~~ H. Fridriksson. G. Þórðarson Björn Jónsson

Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886, fimmtudaginn 9. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Reikningur Sveins Bjarnasonar fyrir húsaleigu Pjeturs Illugasonar, 12 kr. samþykktur og ávísaður.

2. Í brjefi 8. þ. m. biður Grímur Guðmundsson enn um styrk til fæðis handa konu sinni, og voru honum veittar 3 kr. um mánuðinn fyrst um sinn.

3. Sigríður Jónsdóttir biður í brjefi 8. þ. m. um 3 kr. um mánuðinn í húsaleigu framvegis, og fyrir 3 undanfarna mánuði. En nefndin sá eigi næga ástæðu til að veita þennan styrk.

4. Í brjefi 7. þ. m. ber dómkirkjupresturinn fram bæn Steinunnar Jónsdóttur um húsaleigustyrk, 2–3 kr. um mánuðinn. Málinu frestað. Sbr. fund 9. sept. þ. á.

5. Í brjefi 4. þ. m. biður Sveinn Ólafsson enn um húsaleigu fyrir Guðbjörgu Oddsdóttur, sbr. fund 14. okt. þ. á., og gat nefndin eigi veitt bónina.

6. Jón Þórðarson í Ánanaustum biður um eldavjel, og var ákveðið, að kaupa hentuga vjel handa honum og lána Jóni hana í vetur.

7. Guðmundur Þorsteinsson í Pálshúsum endurnýjar enn, í brjefi 29. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

8. Bjarni Bjarnason á Austurvelli á Kjalarnesi biður um bæjarleyfi í brjefi 4. þ. m., en með því að nefndin þóttist vita, að maðurinn væri öreigi, gat hún eigi veitt leyfið.

9. Oddur Oddsson á Völlum á Kjalarnesi biður í brjefi 7. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, en málinu frestað, unz hann gefi betri skýrslu um efnahag sinn. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson. Björn Jónsson.
Þórður Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886, fimmtudaginn 23. dag desembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Sigríður Jónsdóttir biður í brjefi 23. þ.m. um, að skoðað verði hjá sjer, og var ákveðið, að svo skyldi verða gjört.
2. Guðlaug Jónsdóttir biður um 3 kr. mánaðarlegan styrk. Með því að nefndin vissi eigi hvaða Guðlaug þetta væri, var málinu frestað.
3. Í brjefi 20. þ.m. biður presturinn um húsaleigustyrk+ frá síðasta júnímánaðar. Ákveðið var, að veita henni þennan húsaleigustyrk í vetur frá 1. degi þ.m. 2 kr. á mánuði.

+Málfríði Gudbrandsdóttur

4. Sigríður Guðmundsdóttir á Ofanleiti biður í brjefi 21. þ.m. um sveitarstyrk, og var ákveðið, að veita henni 5 kr. um mánuðinn frá 1. degi januarm. næsta ár.
5. Þorvaldur Kristjánsson biður um meðgjöf með Lopti Þorkelssyni. Málinu var frestað til upplýsingar.
6. Sjera Hallgrímur Sveinsson biður um húsaleigustyrk handa Steinunni Jónsdóttur til vorsins, 2–3 kr., og voru veittar 2 kr.; að öðru leyti málinu frestað.
7. Árni Kristjánsson í Hlíðarhúsum biður um aukinn sveitarstyrk. Voru honum veittar 5 krónur að þessu sinni.

+8. Eyjólfur Pálsson biður um tvær hurðir í bæ sinn, og var það veitt.

9. Þorbjörg Sveinsdóttir biður um húsaleigu fyrir Margrjetu Skaptadóttur frá 14. maí 1885 til 31. jan. 1886, en því var neitað.
10. Sjera Hallgrímur beiðist í brjefi 22. þ.m. að fátækranefndin annist um kennslu stúlkunnar Margrjetar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundsdóttur frá Akranesi, næstum 16 vetra. Ákveðið var að senda hana með fyrstu ferð á hrepp sinn, Akraneshrepp.

11. Ákveðið var að koma Ingvari Þorlákssyni, sem hefur verið hjá Guðmundi Árnasyni, fyrir hjá Símoni Hansen.

12. Í brjefi 21. þ. m. biður Jóhannes Guðmundsson enn um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og sendir vottorð um hagi sína (sbr. fund 14. jan. og 13. maí þ. á.), og var leyfið veitt. +

13. Árni Guðmundsson frá Valdastöðum í Kjós biður í brjefi 10. þ. m. um tómthúsmannsleyfi. Leyfið var veitt. +

14. Þorkell Halldórsson í Meðalskoti í Kjós biður í brjefi 8. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; en með því að maðurinn var bláfátækur, var málinu frestað.

15. Gunnar Þórisson frá Meðalholtum í Flóa biður í brjefi 11. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. En með því að nefndin þóttist vita, að maðurinn væri öreigi, var bæninni synjað.

16. Ásgrímur Bjarnason biður í brjefi 19. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; leyfið var veitt. +

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. Björn Jónsson.
Ólafur Ólafsson Þórður Þorsteinsson

Ár 1887, fimmtudaginn 13. dag janúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
Fyrst var tekið ómagatal.

1. Haraldur Jónsson – 14 ára hjá Þorkeli Gíslasyni – 40 kr.
2. Guðrún Jónsdóttir – 10 – – Guðnýju Jónsd. 80 –
3. Guðm. Gunnarss. 11 – – Einari Arasyni – 80 –
4. Jón Jónsson – 86 – – Bjarna í Garðhúsi 108 –

308

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

308
120

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 5. | Guðríður Þorkelsdóttir | 83 ár. | hjá Þorv. Klængsyni | 72 kr. |
| 6. | Vilborg Magnúsd. | 11 – | – Guðm. í Hálfakoti | 84 |
| 7. | Ingvar Bj. Þorláksson | 9 – | – Símoni Hansen – | 80 – |
| 8. | Guðrún Þorláksd. | 10 – | – á Hausastöðum – | 80 – |
| 9. | Helga Emilía dóttir Diðr. Holter – | 8 – | – Guðjón Þórólfsson Hans á Grjótnesi? | 80 – |
| 10. | Sumarlína Sumarliðadóttir – | 12 – | – Jóni Sigurðssyni | 80 – |
| 11. | Benidikt Guðrúnarson | 9 – | – Margrjetu í Klettakoti | 80 – |
| 12. | Ingibjörg Guðmundsd. | 65 – | – Kristjönu Jónasson | 288 – |
| 13. | Ástríður Olsen – | 57 – | – Margrjetu í Klettakoti | 144 – |
| 14. | Jón garðyrðingur. | 73 – | sjálfs sín – | 144 – |
| 15. | Árelí Dadadóttir | 54 – | hjá Þórði í Görðunum | 90 – |
| ~~16.~~ | ~~Barn Diðrika Holters~~ Guðrún Guðmundsd. | 2 – | – ~~Þórði á Bjargi á Hjal.~~ Hjörtur á Grjótnesi | 80 – |
| 17. | Ólafur Guðnason | 8 – | – Sigurbj. Sigurðard. | 80 – |
| 18. | Sigríður Andersd. | 6 – | – Þórði á Norðurkoti – | 80 – |
| f. 23/6 87 19. | Guðrún Símon. Ingimagnsd. | 15 – | – ~~Hans~~ Stephensen | 17 10 |
| 20. | Kristrún Ámundad. | 59 – | – Teofa prentara | 150 – |
| f. 1/8 87 ~~21.~~ | ~~Bjarni Þórðarson~~ – | | í Selskoti – | 80 – |
| 21. | Jóni Ingimundars. | 62 – | – | |
| 22. | Finnbogi Finnbogas. | 6 – | – Konu Jóni í Fjelagsg. | 80 – |
| 23. | Þórunn Einarsd. | 12 – | – Sigurði Erlendss. á Akra. | 80 – |
| 24. | Hallbera Guðmundsd. | 9 – | – Bergi söðlasmið – | 80 – |
| 25. | Gunnl. Guðmundsd. | 12 – | – Árna politi – | 80 – |
| 26. | Ívar þvítur Jónsson | 79 – | – Jóni í Lindarbæ | 144 – |
| 27. | Agnes Jónsdóttir | 74 – | – Sakaríasi á Bergi | 120 – |
| 28. | Kristian Kristiansson | 63 – | – Þorláki í Varmad. | 48 – |
| 29. | Guðm., barn Guðr. heit. Eiríksdóttur í Grjóta | 4 – | – Magnúsi ~~Hafn.~~ Jónssyni í Laxon | 80 – |
| | | | – Helga Teitssyni – | 100 – |
| 30. | Sigríður Jónsdóttir | 55 – | – Níels á Klöpp – | 30 – |
| 31. | Halldóra Guðm. | 12 – | – Anton á Vindheimi | 80 – |
| 32. | Jónína Jónasard. | 5 – | – Einari í Þverárk – | 13 50 |
| 33. | Frímann Sigurðss. | 14 – | – | |
| 34. | Friðrik Júlíus Guðm. | 5 – | – Skúli Jónsson Mýbergi | 80 – |

2778 60

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

323

2778.60

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 35. | Kristján Haagensen | 83 ára | hjá Magnúsi í Melkoti | 180 kr. |
| 36. | Magnús Arason | 55 | — Einari Arasyni | 100 |
| 37. | Magnús ~~Halldór~~ Magnúss. | 3 | — Guðlaugu á Þorgrímsst. | 80 |
| 38. | Sigríður Þorkelsd. | 61 † 23/6 87 | — Markúsi á Þorgrímsst. ~~Magnúsi í Lambh..~~ 11/8 87 | 80 |
| 39. | Kristján Jóhannesson | 6 | — Erlendi á Breiðabóls. | 30 |
| 40. | Oddur Siggeirsson | 7 | — Kristjáni á Sölmundarh. | 80 |
| 41. | Kristjana Jóhannesd. | 2 | — Pjetri á Bala | 80 |
| 42. | Lydia Angelika Magnúsdóttir | 4 | — Sigurði Þórðars. á Fossias. | 80 |
| 43. | Sigþrúður Guðmundsd. | 3 | — Magnúsi á Eiði | 80 |
| 44. | Magnús Halldór Magnússon | 2 | — Guðrúnu Bergþórsd. | 60 |
| 45. | Jórunn Jónsdóttir † 10/3 | | — Árna Grímss. á Bakka | 100 |
| 46 | Magnús Magnúss. | 73? | — Guðl. Oddsdóttur | 120 |
| 47. | Andriana Pjetursd. | 7 | — Sveini í Sauðag. | 80 |
| 48. | Jón Kristjánsson | 4 | — Guðrúnu Steinsd. | 60 |
| 49. | Ráðhildur Jónsd. | 65 | — Pjetri Gíslasyni | 120 |
| 50. | Herdís Guðmundsd. | 3? dó 11/4 | — Einari í Ánanaustum | 80 |
| 51. | Þórður Ásbjörnss. | | — Þórði í Ráðagerði | 60 |
| 52. | Sigríður Pálsdóttir | | — Torfa Vigfússyni | 80 |
| 53. | Henrik Arnason | | — Guðjóni Einarssyni | 75 |
| 54. | 2 börn Guðm. Wettersens | | — Einari Arasyni | 160 |
| 55. | Ingiríður Einarsdóttir | | — Guðmundi á Bala | 60 |
| 56. | Árni Jónsson | | — Guðmundi á Hóli | 120 |
| 57. | Barn Salvarar Sigurðard. | | — Jóni Þorsteinssyni á Holti í Garði | 26.66 |
| 56 | María Bjarnadóttir | | — Ívari Jónatanssyni | 22.50 |

4796

## II. Þurfamenn fastir.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Margrjet Einarsdóttir á Steinsholti | 60 kr. |
| 2. | Kristín Guðmundsdóttir á Hólakoti † 10/2 87 | 40 |
| 3. | Jóhanna Guðmundsdóttir á Lágholti | 80 |
| 4. | ~~Magnúsi~~ Einar Hjaltested † ~~24/2 87 – 10/7 87~~ | 96 |
| 5. | Jóhann Heilmann | 80 |
| 6. | Vilborg Ólafsdóttir † ~~24/2 87 – 9/6 87~~ | 120 |
| 7. | Guðrún Þorgrímsdóttir † 10/2 87 | 96 |

572

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

572

8. Einar Magnússon í Skólabæ f. 1/2 87 — 36 kr.
9. Jón Jóhannsson í Viðey — 40 —
10. Elsa Ingimundard. — 24 —
11. Sigríður Guðmundsdóttir f. 9/1 — 60 —
12. Halldóra Árnadóttir — 120 —
13. Margrjet Pálsdóttir f. 14/1 87 — 120 —
14. Guðbjörg Oddsdóttir f. 23/6 87 — 96 —
15. Hans Jónsson í Grímsbæ — 180

1232

III. Vitstola

1. Elísabet Egilsdóttir — 500 kr.
2. Ragnhildur Símonardóttir — 300 —

Fundinum frestað til næsta dags kl. 5 e.m.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
Björn Jónsson. Þórður Torfason

Ár 1887, föstudaginn 14. dag janúarm. hjelt fátækranefndin áfram fundinum frá því deginum áður.

1. Í brjefi 13. þ.m. biður Helga Þorláksdóttir um styrk, og var það veitt eptir þörfum.
2. Jóni í Lindarbæ var heitinn styrkur eptir þörfum.
3. Sigríður Jónsdóttir í Hlíðarhúsunum (hjá Jakobínu; sjá fund 25. nóv.) biður um styrk í brjefi 28. f.m. Henni var heitinn húsaleigustyrkur til næsta vors, og svo frekari styrkur eptir þörfum.
4. Guðlaug Jónsdóttir biður, í brjefi 23. f.m. um styrk. Henni var heitinn húsaleigu-styrkur 3 kr. um mánuðinn til 14. maí í vor.
5. Þóra Gísladóttir í Grjóta biður í brjefi dags. í dag um styrk, og var henni heitinn styrkur 4 kr. um mánuðinn næstu þrjá mánuðina.
6. Runólfur Árnason á Tóptum biður um styrk í brjefi 4. þ.m.; styrkur heitinn eptir þörfum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Margrjet Pálsdóttir biður í brjefi 4. þ.m. um aukinn styrk. Henni var heitinn 3 kr. styrkur um næstu 4 mánuði ársins.

8. Jónas Ólafsson á Fjelagshúsi biður í ódagsettu brjefi um húsaleigustyrk fyrir Sigurð Eiríksson frá byrjun ~~október~~ nóvemberm. f. á. og framvegis. Málinu frestað til undirbúnings næsta fundar, og var Guðmundi Þórðarsyni falið á hendur að tala við Jónas.

9. Þorvaldur Klensgson biður í brjefi 12. þ.m. um meðlag með Lopti Þorkelssyni. En nefndin gat eigi veitt styrkinn að svo stöddu, meðan eigi fengist betri skýrsla um samning milli Lopts og Þorvaldar.

10. Ákveðið var að reyna að koma Ívari [illegible] fyrir á almennilegum stað.

11. Hans Jónssyni heitin hjálp eptir þörfum næstu 2 eða 3 mánuðina.

12. Ákveðið var, að ráðstafa Einari Magnússyni, sem væri allslaus.

13. Amtmaðurinn biður í brjefi 10. þ.m. um álit nefndarinnar um beiðni Sigurðar Jóhannessonar að fá tómthúsmannsleyfi hjer í bænum (sjá fund 11. d. nóvemberm. f. á.), en nefndin hafði neitað honum um leyfið. Nefndin gat eigi breytt áliti sínu; með því að maðurinn væri bláfátækur, og á ekkert [illegible] nema ár í sexmannafar, sem hann sjálfur getur eigi gjört út, en hefur 3 ómaga að sjá fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. G. Þórðarson

Björn Jónsson

Ólafur Ólafsson

Þórðar Jónsson

Ár 1887. 27. d. janúarmán. var fundur haldinn í fátækranefnd Reykjavíkur og komu þá

fyrir þessi málefni.

1. Guðrún Jónsdóttir á Eystri-Búðum biður í bréfi 22. þ.m. um mánaðarlega hjálp auk 2 kr. mánaðarlegrar húsaleigu, sem hún nú hefur (sjá fund 11. nóv. 86). Ákveðið var að láta hana fá 2 kr. á mánuði frá 1. febr. þ.á. til næstu krossmessu

2. Þorkell Sigurðsson á Melshúsum biður í bréfi 24. þ.m. um aukinn styrk (hafði áður 6 kr. 66 a. á mán. sjá fund 14. okt. 86). Ákveðið var að ~~veita~~ bæta við 3 kr. 33 a. á mánuði fram að næstkomandi 14 maí frá 1. febr. þ.á.

3. Þorlákur Magnússon beykir biður í bréfi 25. þ.m. um 10 kr. styrk á mánuði. Nefndin veitti honum 5 kr. styrk um mánuðinn frá 1 febr. til 1. maí þ.á.

4. Rannveig Eilífsdóttir biður í bréfi 26. þ.m. um aukinn styrk (hefur 5 kr. um mánuðinn sjá fund 9. júlí 86). Nefndin gat ekki veitt þessa bæn, en ákvað að Rannveig skyldi halda sama styrk ~~þetta ár~~ sem að undanförnu fyrst um sinn fram að næstu krossmessu

5. Þórður Stefánsson í Bjarghúsum biður í bréfi 24. þ.m. um styrk. Honum skyldi veita hjálp eptir þörfum

6. Ragnheiður Einarsdóttir biður í bréfi 25. þ.m. 30 kr. lán úr fátækrasjóði til lífsframfæris sjer og barni sínu gegn væntanlegu endurgjaldi frá barnsföður sínum Árna Jónssyni í Þorlákshöfn. Ákveðið var að veita Ragnheiði hjálp eptir þörfum, en gjöra jafnframt ráðstöfun til að ná barnsmeðlaginu sem fyrst hjá barnsföður hennar.

7. Sigurður Bjarnason (við Elliðaárhúsarbæ) heimtar í bréfi 17. þ.m. meðlag með Sigríði Ólafsdóttur. Ákveðið var að fresta málinu og var Ólafi Ólafssyni falið á hendur að semja við Sigurð um meðlag með Sigríði, eða ~~að~~ koma henni annarstaðar fyrir, ef ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gefi saman við Sigurð.

8. Stefán ~~Björnsson~~ Arnbjörnsson hefði kvartað yfir því við formanninn, að Guðrún Þórðardóttir hefði sezt að hjá sjer og væri nú búinn að vera hjá sjer 5 vikur, bjargarlaus, og óskaði að nefndin ráðstafaði Guðrúnu. Afráðið var að semja við Stefán um að hann lofaði Guðrúnu að vera til vors fyrir einhverja þóknun, og var þeim Þórði og Guðmundi falið á hendur að annast þetta.

9. Formaður skýrði frá, að Magnús Stephensen í Viðey hefði farið fram á, að fá helming meðlagsins, eða 20 kr. með Jóni Jóhannssyni. Nefndin samþykkti, að Magnúsi væri borgað nú þegar helmingur af meðgjöf þessari ~~ut~~ með ávísun í búð með því að peningar eru eigi til í fátækrasjóði

10. Torfi Þorgrímsson (prentari) segir í brjefi dags. í dag Ólafíu Arnfríði Einarsdóttur, barn Einars Eyjólfssonar til sveitar, með því að hann geti eigi fengið meðlag með barni þessu frá föðurnum. Formanni var falið á hendur að ~~t~~ gera gangskör að því, að Einar gefi með þessu barni sínu svo framarlega sem kostur væri á því

11. Guðmundur Jónsson í Keflavík biður um bæjarleyfi í brjefi 15. þ. m. Nefndin gat eigi veitt þetta leyfi, þar eð hann var maðurinn að öllu leyti ókunnugur

12. Guðmundur Jónasson Sveinsstöðum í Kaplaskjóli (frá Víðidal í Húnavatnssýslu) biður í brjefi dags. í dag um bæjarleyfi. Afráðið var að leita upplýsinga um, hvort frásögn hans um hagi sína væri rjett, og ef svo reyndist að veita honum þá hið umbeðna leyfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi, nema Björn Jónsson og Halldór Friðriksson.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson G. Þórðarson Þórður Torfason

Ólafur Ólafsson

Ár 1887, mánudaginn 31. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Ákveðið var, að láta Þorlák beyki fá alls 10 kr. fyrst um sinn næstu 2 mánuðina.

2. Lýði Magnússyni voru ákveðnar 5 kr. um mánuðinn, fyrst um sinn næstu 3 mánuðina.

3. Jónasi Ólafssyni í Fjelagshúsi voru lofaðar 4 kr. um mánuðinn fyrir Sigurð Eiríksson, sem húsaleigu til 14. d. næsta maímánaðar.

4. Þvínæst var farið yfir listann yfir óborguð bæjargjöld undanfarinna ára, og gjörð uppástunga um, hverjum sleppa skyldi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Björn Jónsson. Halldór Friðriksson.
G. Þórðarson Þórður Torfason Ólafur Ólafsson

Ár 1887 fimmtudag 10. febrúarmán. átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Sigríði Jensdóttur var ákveðið 60 kr. meðlag þetta eptir beiðni húsbónda hennar Hermanns Guðmundssonar í Steinsholti í brjefi 1/2 87.

2. Kristjáni Hróbjartssyni var eptir beiðni hans í brjefi 10/2 ákveðið 6 kr. styrkur um mánuðinn.

3. Kristín Guðmundsdóttir í Hólakoti biður

í brjefi 9/2 um uppbót fyrir árið sem leið á styrk þeim, er henni var frá ætlaður, en sem hún segir sig ekki hafa fengið af nema 12 kr. Nefndin veitti henni í þeim styrk 20 kr. (í viðbót við þessar 12 kr.)

4. Elínu Sigurðardóttur var veittur styrkur, 4 kr. á mánuði þ.á.

5. Einar Magnússon í Skólabæ biður um aukinn styrk um fram það sem honum er ætlað, þ: 36 kr. þ.á. Nefndin neitaði því, en ákvað að skipta styrknum þannig, að hann hefði 5 kr. á mánuði það sem eptir er vetrarins.

6. Jóhönnu Magnúsdóttur í Vindheimum var eptir beiðni hennar 7/2 veittur 1 kr. húsaleigustyrkur á mánuði þ.á.

7. Jóni Jónssyni gegnt frá Þórskoti lóz var veittur 4 kr. húsaleigustyrkur eptir beiðni hans 9/2.

8. Guðrúnu Þorgrímsdóttur, í húsi Stefáns Þórðarsonar, var eptir beiðni 8/2 veittur 2 kr. húsaleigustyrkur á mánuði frá 1. jan. þ.á.

9. Fátækrafulltrúanum var falið að koma Jóni Jónssyni, sem Jón Oddsson lóz hefði sagt til til ráðstöfunar, fyrir umsamdan með hóflegum kjörum.

10. Nefndin samþykkti þá ráðstöfun, að Sigríður Ólafsdóttir skyldi vera hjá Sigurði Bjarnasyni í Kapteinshúsi með 40 kr. meðgjöf um árið.

11. Jón Jónsson í Lindarbæ krafði 5 kr. á mánuði í húsaleigustyrk árið sem leið með því hann hefði þörf, en því var neitað; en veitti honum 6 kr. fyrir hirðing, húsaleigu og mat fyrir hann í janúarmán. þ.á.

12. Amtið óskar í brjefi 29. f. m. umsagnar fátækranefndarinnar um kæru frá Bjarna Bjarnasyni á Austurvelli á Kjalarnesi út af bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfissynjun (Bstj. fund 25. nóv. f. á.). Nefndin álítur þá ástæðu fyrir synjuninni, að maðurinn sje öreigi og að öðru leyti ólíklegur til að geta bjargað sjer, og vill því engan veginn breyta úrskurði sínum.

13. Jóhannesi Þórðarsyni, vinnumanni í Viðey, er sókti [illegible] um bæjarleyfi fyrir 2/2, var neitað um það, með því að hann mundi vera öreigi.

14. Guðmundi Jónassyni á Sveinsstöðum í Kaplaskjóli, er beðið hafði um bæjarleyfi á fundi 27. f. m., en þá var frestað til frekari upplýsinga (Blr. 327), var nú veitt leyfið, eptir fengnum skýrslum um hagi hans.

15. Birni Guðmundssyni frá Rauðanesi í Borgarhreppi, nú í Garðhúsum, var veitt bæjarleyfi eptir beiðni hans 1/2.

16. Maríu Jónsdóttur í Guðmundarhúsi í Rein var neitað um bæjarleyfi (brjef 1/2).

17. Gísla Kolbeinssyni á Elliðavatni, er biður um bæjarleyfi 28/1, var ályktað að svara, að beiðni hans gæti eigi komið til greina nema hann útvegaði áreiðanleg skilríki um hagi sína.

18. Kristjáni Jónssyni í Suðurholti var synjað um bæjarleyfi (brjef 29/1).

Fleira eigi fyrir tekið.
Fundi slitið.

Halldór Daníelsson
H. Kr. Friðriksson. Björn Jónsson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Þórður [illegible]son

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1887, fimmtudaginn 24. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Vilborg Ólafsdóttir biður í brjefi 21. þ. m. um 4 kr. viðbót um mánuðinn við þær 10 kr., er hún nú hefur. Henni voru heitnar 3 kr. í viðbót næstu tvo mánuðina

2. Sigurður Hannesson biður um 5 kr. um hina næstu, 3 mánuðina, að undan, des. 1886 – febr. 1887; (í húsaleigu fyrir Guðm. Bjarnason) en því var neitað; aptur á móti vildi nefndin borga allt að 4 kr. um mánuðinn fyrst um sinn þá húsaleigu fyrir Guðmund.

3. Anna Guðmundsdóttir biður í brjefi dags. í ~~dag~~ gær, að fátækranefndin ráðstafaði Einari Hjaltested, sem nú liggur veikur. Ákveðið, að reyna að koma Einari fyrir hjá Hans á Gufunesi.

4. Ákveðin meðgjöf með Guðmundi Guðmundssyni Halldórssonar hjá Páli Jóni í Melshúsum 80 kr. um árið.

5. Ákveðið að skrifa hreppsnefnd Kjalarness um sveitfesti Steinunnar Jónsdóttur (heyrnarlausu).

6. Ákveðið, að gefa syni Magnúsar Einarssonar, nokkurn styrk til fata.

7. Sigurður Sæmundsson á Grund í Útgarði biður í brjefi 10. þ. m. um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. Málinu frestað að þessu sinni.

8. Í brjefi 12. þ. m. tilkynnir amtmaður, að hann hafi samþykkt og staðfest synjun fátækranefndarinnar um tómthúsmennskuleyfi Bjarna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarnasonar á Kjalarnesi.
9. Gísla Kolbeinssyni á Vatni var veitt bæjarleyfi (sbr. næsta fund á undan).

Halldór Daníelsson. ~~Fr~~ Friðriksson. G. Zoëga Björn Jónsson. Þórður Torfason Ólafur ~~Ólafsson~~

Ár 1887, fimmtudaginn 10. dag marzmánaðar, átti fátækrastjórnin fund með sjer.
1. ~~Í brjefi, dags. 22. febr. þ.á.~~ Sigurður Hansson hafði gengið að þeim kostum, sem fátækranefndin setti honum á síðasta fundi viðvíkjandi húsaleigu fyrir Guðmund Bjarnason.
2. Í brjefi, dags. í dag skýrir Sigurður Bjarnason í Hlíðarhúsum frá, að hann geti eigi haldið Sigríði Ólafsdóttur fyrir minna en 90 kr. Málinu frestað að þessu sinni, og Ólafi Ólafssyni falið málið.
3. Hans á Grjótnesi hafi boðist til, að taka Einar Hjaltested fyrir 10 kr. um mánuðinn, og var gengið að því fyrst um sinn.
4. Sigurður Eiríksson í Fjelagshúsi óskar eptir nýjum híbýlum (sbr. fund 21. jan. þ.á.) Sigurði sagt, að útvega sjer sjálfur húsnæði, en fátækranefndin samþykkir.
5. Pálína Oddsdóttir biður í brjefi 9. þ. m. um hjálp handa sjer og barni sínu, 5 kr. í viðbót við 11 kr., sem hún hefur áður fengið, og styrkurinn veittur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Árni Grímsson á Bakka biður um hækkun á meðlagi með Jórunni Jónsdóttur upp í 3 kr. um vikuna, eða 12 kr. um mánuðinn frá byrjun febrúarmánaðar; en honum var heitin þessi borgun frá 1. degi þ. m. (marzmán.)

7. Guðrúnu Steinsdóttur voru lofaðar 80 kr. um árið með barninu Jóni Kristjánssyni.

8. Magnús Pálsson vill fá húsaleigu með Mörtu Markúsdóttur, og var málinu frestað að þessu sinni.

9. Markúsi á Þormóðsstöðum voru ætlaðar 80 kr. með Guðrúnu Magnúsdóttur, 4 ára.

10. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu spyr í 7. jan. þ. á., hvort Reykjavíkur fátækranefnd kannist við, að Þorkell Eiríksson sje sveitlægur hjer í bænum; og var því játað, að hann mundi vera fæddur hjer í bænum.

11. Í brjefi dags. 8. marz 1887 biður Dagfinnur Björn Jónsson úr Kolbeinsstaðahreppi um tómthúsmennskuleyfi þar í Pálsbæ á Seltjarnarnesi. Honum var synjað um leyfið, með því að nefndin þóttist enga heimild hafa til, að leyfa ógiptum mönnum að setjast hjer að ~~[illegible]~~ í sambúð við barnsmóður sína.

12. Guðmundur Hannesson í Keflavík biður í brjefi 27. febr. þ. á. um tómthúsmennskuleyfi; en ~~gat~~ nefndin gat eigi veitt leyfið að svo stöddu, með því að hún þekkti alls engar hans ástæður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur